

## Skóflustunga að öðrum áfanga gatnagerðar í Bjarkarstykki



Mánudaginn 22. febrúar sl. var tekin skóflustunga að öðrum áfanga gatnagerðar í Bjarkarstykki á Selfossi. Um er að ræða langstærsta einstaka gatnagerðarverkefni í sögu sveitarfélagsins. Verkinu er áfangaskipt í fjóra áfanga. Verkinu skal að fullu lokið 1. júní 2024. Það er Borgarverk ehf. sem átti lægsta tilboðið í verkið. Tilboðið hljóðaði upp á 1.284 milljón kr. Á myndinni má sjá fulltrúa frá Sveitarfélaginu Arborg ásamt fulltrúum Borgarverks við skóflustunguna. -gpp



### Skíðaferð Víkurskóla vel heppnuð

Nemendur í 7. - 10. bekk Víkurskóla í Vík í Mýrdal brugðu sér af bæ nú í febrúar. Ferðinni var heitið í Bláfjöll þar sem skyldi renna sér á skíðum. Veðrið lék við nemendur og starfsfólk sem strax er farið að hlakka til næstu ferðar.

## Flúðasveppir styrkja Landsbjörg



Frá vinstri: Ölvir Karl Emilsson starfsmaður Flúðasveppa og meðlimur Björgunarsveitarinnar í Hrunamannahreppi, Ragnheiður Georgsdóttir sviðsstjóri markaðsmála í Flúðasveppum og Katrín Ösp Emilsdóttir björgunarsveitakona.

Við erum afar þakklát fyrir starf björgunarsveitanna og stolt af því að innan okkar raða er okkar eigin björgunarsveitar-

maður og auðvitað styðjum við okkar fólk.

Katrín Ösp Emilsdóttir afhenti fyrir hönd Björgunarfélagsins

Eyvindar í Hrunamannahreppi Ragnheiði Georgsdóttur stóra neyðarkallinn.

## Fáðu fagmann í verkið



**PÍPULAGNIR HELGA**

Háheiði 10, Selfossi  
S. 699 1985 / 823 6656

## Rafverktakar · Verslun Öryggis-, myndavéla- og loftnetskerfi



Neyðarsími 660 1160

Eyraveggi 32 · Selfossi · Sími 480 1160  
www.arvirinn.is

## GARÐEIGENDUR OG STOFNANIR ATHUGIÐ

Nú er rétti tíminn til að klippa og snyrta tré og runna. Fellum og fjarlægjum stór tré. Við höfum tæki og fagmenn í verkið.

Sími 894 0444  
bökkiehf@gmail.com

**BOKKI**  
GARÐAR



## Sendibílar á Suðurlandi

**Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu**  
Heimsendingar - Vörudreifing - Búsíðlaflutningar - Ruslaferðir  
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.



Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - f /keyrsla.is

**BÓKAMARKAÐUR**  
**Í BÓKASAFNINU**  
Bókasafn Árborgar Selfossi er með bókamarkað í Listagjanni til 4. mars. Kíkið við og gerðið góð kaup!

## Hrós vikunnar

**Bjarki Hilmarsson**  
er hrósari vikunnar að þessu sinni:



Bjarki Hilmarsson

Jón K. B. Sigfússon matreiðslumeistari í Friðheimum fær hrósið frá mér fyrir að vera frumlegur og hugmyndaríkur í matreiðslu. Jón hefur góð áhugamál fyrir utan matreiðslu sem eru bjór og ljósmyndun en í ljósmyndun er hann algjör snillingur í fuglamyndum og svo svart-hvítum mannlífsmyndum. Jón haltu áfram á sömu braut!

Bjarki Hilmarsson

Ég skora á Jón að koma með næsta hrós.

Dagskráin, fréttablað Suðurlands

Endilega sendið okkur hrósið á netfangið dfs@dfs.is. Ekki væri verra að fá mynd með :)



# Vel merkt og vel flokkað sorp



Á gámasvæðinu er falleg bygging þar sem má flokka allt vandlega. (Ljós. LM)

Í Skaftárhreppi er í gangi tilraunaverkefni um sorpmál. Hreppnum er skipt í nokkur svæði þar sem er mismunandi sorphirða og á einu svæðinu sjá íbúar alfarið um að koma sínu sorpi á gámasvæðinu við Kirkjubæjarklaustur. Á gámasvæðinu hafa nýlega verið settar upp samræmdar merkingar sem verið er að innleiða á Íslandi.

Tilraunaverkefnið um sorpmálin er unnið í samvinnu við ReSource og Félagsvísindastofnun HÍ. Í desember fór fram úttekt ReSource á hvernig til hefur tekist í flokkunarmálum í tilraunaverkefninu ásamt því að félagsvísindastofnun gerði viðhorfskönnun hjá íbúum. Niðurstaðan er að flokkun í sveitarfélaginu hefur batnað til mikilla muna og íbúar eru jákvæðari gagnvart því að flokkun skili sér í umhverfis-

vænna sorphirðukerfi. Það má lesa um niðurstöður úttektarinnar frá ReSource og könnunarinnar á vefsíðu Skaftárhrepps undir liðnum sorpmál og endurvinnsla. Verkefnið hefur staðið í tæpt ár og líður að lokum. Nú stendur yfir vinna hjá sveitarfélaginu að ákvarða hvaða sorphirðukerfi verði fyrir valinu, ásamt því að útbúa nýja gjaldskrá.

Skaftárhreppur setti upp nýjar merkingar á sorpplát á gámasvæðinu í byrjun árs 2021. Þetta eru samræmd merki sem Fenúr hefur hannað og sýna vel, með mynd og á þremur tungumálum, hvað á að fara í hvert sorpplát eða gám. Reykjavík var fyrsta sveitarfélagið til að setja upp merkingarnar í nóvember 2020. Danir hönnuðu merkin í upphafi en síðan hafa hin Norðurlöndin og Eyrstrasaltslöndin sýnt áhuga á að merkja sorpplát á sama hátt.



Myndin er lýsandi, litir verða alltaf þeir sömu á öllum flokkunarstöðvum og texti á þremur tungumálum. (Ljós. LM)

Sorpflokkun er auðveld ef maður veit nákvæmlega hvernig á að flokka. Á Íslandi hafa sveitarfélög valið ólíkar leiðir og ekki alltaf auðvelt að átta sig á hvað á að fara í grænu tunnuna, sem er blá í næsta sveitarfélagi. Með þessum samræmdu merkingum verður þessi vandi vonandi úr sögunni, hvernig sem ílátið eða gámurinn lítur út er merkið kunnuglegt. Alls eru merkin 78 en almenningur þarf ekki að læra nema lítinn hluta af þeim.

Vonast er til að verkefnið skili íbúum Skaftárhrepps lægri gjöldum fyrir sorpmálin og að flokkunin verði þannig að sem minnst verði grafið og sem mest fari í endurvinnslu.

Lilja Magnúsdóttir,  
kynningarfulltrúi Skaftárhrepps.

# Týnd verðmæti eldri borgara

Um þrjátíu og átta þúsund eldri borgarar hafa mætt ósanngirni ríkisstjórna og félagsamtaka undanfarin mörg ár. Þeir fá ekki neinar hækkanir greiðslna frá Almannatryggingum (TR) og réttur þeirra hjá stéttar- og verkalýðsfélögum fellur niður og lífeyrissjóðsinneignir falla í verði.

## Greiðslur sem týnast

Greiðslur stéttarféлага og verkalýðsféлага til starfsmanna sinna vegna ýmissa tilgreindra útgjalda týnast, þegar þeir verða eldri borgarar og ekkert kemur þar í staðinn frá almannatryggingum eða sjúkratryggingum. Þeir fá þó í flestum tilfellum að sækja um sumarbústaði áfram, sem þeir lögðu fram framlag til að byggja. Áunninn réttur til hjálpar og styrktar fellur hins vegar niður. Hafa félögin gleymt stöðu þessa fólks, sem greiddi öll starfsár sín prósentur af launum til hinna mörgu sjóða sem félögin sjá um? Hvers vegna sameinast ekki stéttarfélög og verkalýðsfélög í baráttu gegn því óréttlæti, sem eldra fólk er beitt með óbreyttum skerðingum á greiðslum frá TR vegna lífeyrissjóðsgreiðslna og hins vegar einnig þess lífsréttar, að fá að vinna sér til bjargar?

## Lífeyrissjóðirnir

Það er ekki lengra síðan en árið 1969, að því kerfi var komið á að launþegar skyldu greiða 12% af launum sínum að meðtöldu móttframlagi vinnuveitanda í lífeyrissjóð, sem launþeginn átti síðan að fá greitt úr eftir 67 ára aldur. Þeir samningar náðust í tengslum við allsherjar kjarasamninga á vinnumarkaði og kváðu fyrst á um greiðslur af dagvinnu. Í kjölfarið voru stofnaðir lífeyrissjóðir út um allt land um 100 að tölu, en þeir hafa síðan sameinast í um 8 virka sjóði af 21 sjóði. Þetta náðist fram með verkfallsbaráttu og samkomulagi við atvinnurekendur. Breytingar á fyrirkomulagi og greiðslum til sjóðanna hafa síðan aftur og aftur verið gerðar með sama hætti í kjölfar kjarabaráttu verkalýðsféлага, s.s. að greiðsluþrosenta hefur miðað við öll laun og hækkað verulega. Samsvarandi lífeyrissjóðskerfi fyrirfinnst hvergi annars staðar og má virða til þess að þetta sé viðbótarskattur á laun og þar með að Íslendingar greiði hæsta skatt í heimi af launum sínum.

Fram til ársins 1988 greiddi launþeginn skatt af þessu iðgjaldi. Það ár var lögum hins vegar breytt í þá veru að

iðgjaldið var undanþegið skatti, en greiðsla sem samsvaraði skatti af iðgjaldinu var innt af hendi til lífeyrissjóðanna. Í dag er brotið á lífeyrisþega með tvennum hætti: Reikna ætti út persónulega skattgreiðslur hvers og eins til ársins 1988 af launum viðkomandi og endurgreiða honum með vöxtum ef óbreyttu fyrirkomulagi er viðhaldið, að skattleggja lífeyrissjóðsgreiðslur, því tvísköttun af sama stofni fjármagns er ólögleg. Einnig ætti að meta það hlutfall greiðslna eftir 1988 frá lífeyrissjóðunum, sem er vaxta- og fjármagnstekjur, sem yrðu þá í sama hlutfalli skattlagðar með 22% fjármagnstekjuskatti.

## Krafa um leiðréttingu

Ef ofangreind atriði verða ekki leiðrétt af öllum þeim aðilum, sem að þessari ósanngjörnu meðferð á eldri borgurum koma, hljóta eldri borgarar að fylgja fast eftir lögsókn Gráa hersins og fleiri um að greiðslur frá TR verði ekki skertar á móti lífeyrissjóðsgreiðslum.

Halldór Gunnarsson,  
formaður kjararáðs eldri borgara í Rangárvallasýslu.

# Skalli

## Selfossi

*Sá svalasti í bænum*

### FJÖLSKILDUTILBOÐ

**4 ostborgarar, stór skammtur af frönskum,  
2 kokteilsósur & 2L gos**

**4.999 kr.**



[www.skalli.is](http://www.skalli.is) - [facebook.com/skalliselfossi](https://facebook.com/skalliselfossi) - Sími 483-1111

# 200 fríar uppskriftir

Í dag birtist tvö hundruðasta uppskriftin í boði Hannyrðabúðarinnar hér í Dagskránni. Þær hafa nú birst á hálfsmánaðarfræsti í rétt rúmlega átta ár og notið mikilla vinsælda.

„Uppskriftirnar eru allar unnar af okkur sjálfum og við skiptumst á að hafa umsjón með þeim,“ segja Alda Sigurðardóttir og Þóra Þórarinsdóttir, eigendur Hannyrðabúðarinnar á Selfossi. „Það liggur oft mikil vinna á bak við hverja uppskrift, en við höfum báðar gaman af að skapa eitthvað nýtt og við sjáum að viðskiptavinirnir kunna vel að meta að geta fengið stakar uppskriftir og fengið að skoða og handfjatla stykkinn í búðinni.

Flestar uppskriftirnar eru af hekludum og þrjónudum peysum, húfum, vettlingum, sokkum og hálstau í líka ýmisskonar heimilistau eins og teppum, tuskum, dúkum og tækifærismunum. Auk þess hafa slæðst með hugmyndir fyrir útsaum og aðrar aðferðir til hannyrða enda verslum við með allt sem þarf til hefðbundinna hannyrða.“

Gott úrval er í Hannyrðabúðinni og margt sem ekki fæst í öðrum verslunum hér á landi. „Við viljum gjarnan skapa okkur sérstöðu og erum með um 140 mismunandi garntegundir í versluninni, flestar flytjum við sjálfar inn. Okkur finnst skemmtilegt að vinna með fallegt garn og viðskiptavinir okk-



Frumgerðir allra uppskrifta sem Hannyrðabúðin birtir eru til sýnis í versluninni, hér má sjá nokkur sýnishorn.

ar eru mjög þakklátir þegar þeir sjá hugmyndir um hvað gera má úr hverri tegund og hvernig garnið kemur út.“

Þær stóllur verða oft varar við að fólk klippi uppskriftirnar út og geymi og margir segjast hlakka til að sjá hvaða uppskrift komi þegar Dagskráin kemur út. „Svo getur fólk skoðað allar uppskriftirnar hjá okkur og keypt þær sem þeir hafa misst af.“

Óhætt er að fullyrða að áhugi fyrir handavinnu hefur vaxið mikið undanfarið ár. „Það er eitthvað alveg sérstakt við að eiga handunna flík, þær eru unnar af alúð og enginn annar á nákvæmlega eins. Þú velur hráefnið og litina og átt alveg einstaka flík.

Það eru alltaf að koma nýir og nýir kunnar, sumir eru algerir byrjendur og við aðstoðum þá við val á garni og uppskrift og svo eru fjölmargir að byrja aftur, hafa ekki sinnt hannyrðum um nokkurn tíma og vilja nú hefjast handa. Við sjáum líka að margir eru að taka til í geymslum og drífa í að klára eitthvað gamalt sem finnst. Það getur stundum verið flókið að finna viðbótargarn en við gerum okkar besta.

Samstarfið við Dagskrána hefur verið einstaklega gott og við hlökkum til að halda áfram.“

Myndir af öllum uppskriftunum má sjá í sérstakri myndamöppu á Facebook-síðu Hannyrðabúðarinnar.

## Það vekur furðu ástandið í skólamállum í Árborg

Fulltrúar D-lista í sveitarfélaginu Árborg harma þá stöðu sem upp er komin í skólamállum sveitarfélagsins og að þess skuli ekki hafa verið gætt að upplýsa foreldra um áform tengd breytingu á skólahverfum og tilfærslur á milli skólahverfa, svo sem um það að börn eru færð úr einum skóla í annan. Með fyrirhugaða opnun Stekkjaskóla í haust hafa nemendur í 2.-4. bekk í Vallaskóla og Sunnulaekjarskóla sem hafa lögheimili í hverfum sem munu tilheyra Stekkjaskóla, verið fluttir um skóla án aðkomu foreldra þeirra. Foreldrar þessara nemenda hafa kvartað undan samráðs- og upplýsingaleysi við sig og hafa komið þeim kvörtunum á framfæri til fræðsluviðs og kjörna fulltrúa. Fulltrúar D-listans þekkja þessi vinnubrögð vel þar

sem meirihlutinn hefur ítrekað haldið upplýsingum frá kjörnum fulltrúum. Foreldrar hafa farið þá leið að upplýsa okkur fulltrúa minnihlutans um þetta samskiptaleysi meirihlutans. Það er með öllu óásættanlegt að foreldrar þurfi að fara þá leið að kæra sveitarfélagið til Menntamálaráðuneytisins vegna stjórnsvaldsákvörðunar þar sem þeim finnst ekki á sig hlustað eða þurfa að færa lögheimili sitt svo barnið geti stundað nám í þeim skóla sem þau kjósa. Við tökum undir þessar áhyggjur foreldra af stöðu mála.

Meirihlutinn hefur með aðgerða- og sinnuleysi sínu dregið lappirnar við byggingu nýs skóla, með tilheyrandi kostnaði fyrir bæjarstjóð upp á að lágmarki ca. 500 milljónir í bráðabirgðalausnum, sem að hluta til

fæst ekki endurgreiddur. Úrræði af þessu tagi er lakara að gæðum en ef um nýjan skóla væri að ræða og telja undirritaðir að ekki hafi verið unnið nógu hratt að undirbúningi nýs skóla og ekki gætt að forgangsröðun í þágu barna út frá lögbundnum verkefnum sveitarfélaga og farið í önnur verkefni sem eru ekki lögbundin og dregið til sín fjármagn.

Nú verður meirihlutinn að bregðast við þeirri stöðu sem upp er komin í skólamállum hér í Árborg þannig að skapast geti sátt hjá nemendum og foreldrum þeirra um hverfaskóla í stað þess virðingarleysis sem þau sæta nú frá meirihluta bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar.

Bæjarfulltrúar D-lista í Sveitarfélaginu Árborg



Matgæðingur vikunnar er Sævar Örn Sigurvinnsson.

Komiði sæl. Ég vil byrja á að þakka Árna Sigfúsi vini mínum fyrir tilnefninguna. Ég hef svona aðeins áhuga á að fíkta við eldamennsku og hef allavega nokkra munna til að dæma um það. Það sem ég hef stundum haft með fínum árangri eru hrossalundir og humar með sætum og íslenskum rauðum og rófum.

### Hrossalund

Það er gott að taka lundina út úr ísskápnnum tímanlega, krydda hana með salti, pipar og seasoned salt og læt hana standa þannig í 3-4 tíma. Síðan græja ég humarinn, 10-15 hala, klýf humarinn, raða á álbakka, set smjörklípu á hvern hala og krydda með hvítlaukkssalti og hvítlaukspipar.

Síðan tek ég eina sæta kartöflu, 7-8 íslenskar rauðar og

700-800 gr. rófu. Þetta brytja ég í teninga og set í álbakka, gluða yfir það olíu, salt, pipar og paprikukrydd, svo inn í ofn í svona 35-40 mín. á 180°C, síðan byrja ég fljótlega að steikja hrossalundina svona 2-2,5 mín. á hverja hlið, síðan inn í ofn í 15-20 mín. eftir því hve lundin er stór og læt hana svo hvíla í 15 mín. Á meðan græja ég bearnaisósuna.

250 gr. smjör  
4 eggjarauður  
1½ tsk. bearnaise-essence  
1-1½ msk. estragon  
1/5 teningur af kjötkrafti

Set humarinn inn í ofn svona 10 mín. áður en ég tek út kartöflurnar, og svo er rosa gott að taka hvítlauksost, bræða hann með rjóma sem sósu með humrinum. Njótið.

Kveðja, Sævar

Ég ætla að skora á minn besta vin,  
Guðmund Guðmundsson á Stokkseyri.

Matgæðingar eru beðnir að senda á [dfs@dfs.is](mailto:dfs@dfs.is) uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

## Brúsasaga úr FSu

FSu hefur undanfarið ár unnið að því að huga að umhverfismálum í starfi skólans og tekur þátt í verkefni Græn skref í ríkisrekstri og er Grænfánaskóli.

Nýverið ákvað skólinn í samráði við umhverfisnefnd að gefa öllu starfsfólki vatnsbrúsa. Hugsunin er að fólk sé með brúsana í vinnunni og noti. Þetta ýtir undir vatnsdrykkju og minnkar uppvasku og vinnu.

Skapandi fólk innan skólans fékk þá hugmynd að láta merkja brúsana og útfærði Agnes Snorradóttir, náms- og starfsráðgjafi merkinguna í samráði við Magnús Stephensen Magnússon, FabLab-stjóra. Brúsarnir voru svo merktir í FabLabi skólans. Útkoman er mjög skemmtileg. Sannkallað innanhússverkefni sem eykur hollustu og sparar orku.



**DAGSKRÁIN**  
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Dagskráin, Eyravegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, [dagskrain@prentmet.is](mailto:dagskrain@prentmet.is).  
Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, [gpp@prentmetoddi.is](mailto:gpp@prentmetoddi.is).  
Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, [skh@prentmetoddi.is](mailto:skh@prentmetoddi.is).

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyravegi 25, Selfossi, fyrir hádegi á mánuðögum. Upplag: 8700 eintök.  
Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X  
Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858

Visnagátur-höf. Ármann Dalmanncsson - Útg. Bókauktgáfan SKRUDDA

## Gáta vikunnar

Ég er nokkur hundruð metra há.  
Hús ég oft og tíðum bera má.  
Úr háa lofti hendi ég mér í sjá,  
hendingar skýri kennimönnum frá.

Svar við gátu í blaði 2585: **BAND.**  
1. lína: Handaband - 2. lína: Armband  
3. lína: Hjónaband - 4. lína: Sokkaband

# LITLAR HAGKVÆMAR ÍBÚÐIR TIL SÖLU Í HJARTA SELFOSS

Eyravegur 26

Verð frá  
**17.900.000**  
Örfáar íbúðir eftir



Nú geta allir keypt íbúð, jafnvel unglíngarnir  
– fyrsta greiðsla frá 790.000 kr.

Létt og sveigjanleg greiðslubyrði

Þetta er einstakt tækifæri fyrir þá sem vilja eignast sitt eigið húsnæði, án of mikillar fyrirhafnar, á mjög góðum stað rétt við nýja miðbæinn á Selfossi. Frábær fjárfesting í ört vaxandi bæ.

Bíll er óþarfur, allt í 5-10 mínútna göngufæri: Skólar, leikskóli, verslunarmiðstöðvar og strætó til Reykjavíkur eða Hornafjarðar.



**Opið hús**  
fimmtudaginn  
25. febrúar  
kl. 17:30-18

Um er að ræða mjög vel skipulagðar 35-45 fm stúdíó-íbúðir og 45 fm 2ja herbergja íbúðir, flestar með sérinn-gangi. Henta frábærlega sem fyrstu kaup eða fyrir þá sem vilja njóta lífsins og ekki setja of mikið í húsnæði. Sjón er sögu ríkari. Húsgögn geta fylgt svo þá er ekkert annað að gera en að ganga inn og byrja að búa.

**Íbúðirnar eru lausar strax!**

Sjá nánar á [www.eyravegur.is](http://www.eyravegur.is)

## Nánari upplýsingar veita:

Árni Hilmar Birgisson, aðstoðarmaður fasteignasala í síma 856 2300, [arni@log.is](mailto:arni@log.is)

Hallgrímur Óskarsson, löggiltur fasteignasali í síma 845 9900, [halli@log.is](mailto:halli@log.is)

Sigurður Sigurðsson, löggiltur fasteignasali í síma 690 6166, [sigurdur@log.is](mailto:sigurdur@log.is)

Steindór Guðmundsson, löggiltur fasteignasali í síma 862 1996, [steindor@log.is](mailto:steindor@log.is)



# Lausar stöður hjá Selfossveitum

## Vaktmaður

Selfossveitur reka hita- og vatnsveitu Sveitarfélagsins Árborgar. Fyrirtækið er til húsa að Austurvegi 67.

Selfossveitur óska eftir starfsmanni á sviði hita- og vatnsveitu. Starfið hefur starfsheitið Vaktmaður og heyrir undir verkstjóra vatns- og hitaveitu

### Ábyrgðar- og starfssvið:

- Hita- og vatnsveita
- Öll almenn störf vegna nýframkvæmda, viðhalds, reksturs og þjónustu. Verkpættir eru m.a. við:
  - Vatns- og orkuöflun
  - Rekstur dælu- og stjórnstöðvar
  - Dreifingu
  - Þjónustu
  - Starfsmaður vinnur bakvaktir utan venjulegs dagvinnutíma og sinnir vaktþjónustu/bilanþjónustu:
  - Móttaka bilanatilkynninga frá vaktkerfi og notendum. Úrvinnsla þeirra og skráning.
  - Eftirlit með rekstri veitukerfanna

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Iðnmenntun sem nýttist í starfi.
- Reynsla og þekking á veitustarfsemi er kostur.
- Hafi góða þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og skipulagshæfni
- Enska og tölvu kunnátta æskileg

Frekari upplýsingar um starfið veitir Sigurður Þór Haraldsson í síma 480 1500 eða netfang sigurdur@arborg.is.

### Umsóknarfrestur er til 7. mars 2021.

Sótt er um starfið á ráðningarvef sveitarfélagsins <http://starf.arborg.is>.

## Þjónustufulltrúi

Selfossveitur reka hita- og vatnsveitu Sveitarfélagsins Árborgar. Fyrirtækið er til húsa að Austurvegi 67.

Selfossveitur óska eftir starfsmanni á sviði hita- og vatnsveitu. Starfið hefur starfsheitið Þjónustufulltrúi 2 og heyrir undir verkstjóra vatns- og hitaveitu

### Ábyrgðar- og starfssvið:

- Hita- og vatnsveita:
- Almenn störf vegna notendabjónustu veitnanna. Verkpættir eru m.a. við:
  - Mæla álestur hjá fyrirtækjum og stofnunum
  - Umsjón með lager á mælitækjum veitunnar
  - Þjónusta við notendur
  - Aðstoð við önnur störf innan veitunnar

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Reynsla af verklegum framkvæmdum í tengslum við lagnakerfi er kostur
- Hafi góða þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og skipulagshæfni
- Enska- og tölvukunnátta nauðsynleg

Frekari upplýsingar um starfið veitir Sigurður Þór Haraldsson í síma 480 1500 eða netfang sigurdur@arborg.is.

### Umsóknarfrestur er til 7. mars 2021.

Sótt er um starfið á ráðningarvef sveitarfélagsins <http://starf.arborg.is>.



# Flétta

Í dag birtum við uppskrift númer 200 frá Hannyrðabúðinni en uppskriftirnar hafa birst reglulega í Dagskránni á hálfsmánaðar-fresti í ríflega átta ár.

Að þessu sinni er uppskriftin af lungamjúkri peysu sem þrjónuð er úr garni sem heitir Tibet og er blanda af jakuxaull og merinoull og er einstaklega létt, hlýtt og áferðarfallegt garn. Við vildum hafa svolítið gróft "lúkk" á peysunni og notum því garnið tvöfalt og þrjónum peysuna á þrjóna no 7 en sökum þess hve garnið er eðlislétt vegur peysan ekki nema rétt ríflega 200 grömm. Við flytjum garnið sjálfar inn og það fæst í fjölda fallelgra lita.

**Stærðir:** s-m-l-xl

**Efni:** 8-9-10-11 dk. Tibet frá Cewec, hringþrjónar; 40+60 sm no 7, 60 sm no 6, 40 sm no 4,5, sokkþrjónar no 6 og 7, þrjónamerki, þrjónanætur, kaðlaprjón. Athugið að peysan er öll þrjónuð með tvöföldu garni.

**Kaðlamynstur:** Mynsturbekkurinn hleypur yfir 32 l og er eins framan á miðju framstykki og bakstykki.

**Kaðlarnir** fara yfir 6 l og halla fyrstu tveir til vinstri og seinni tveir til hægri.

Vinstri kaðall er gerður þannig að fyrstu 3 l eru settar á kaðlaprjón, næstu 3 l geymdar fyrir aftan og þrjónaðar sl, lykkjurnar af kaðlaprjóninum þrjónaðar sl.

Hægri kaðall er gerður þannig að fyrstu 3 l eru settar á kaðlaprjón, næstu 3 l geymdar fyrir framan og þrjónaðar sl, lykkjurnar af kaðlaprjóninum þrjónaðar sl.

1.-2.umf: 2 br, 6 sl, 2 br, 12 sl, 2 br, 6 sl, 2 br.  
3.umf: 2 br, vinstri kaðall yfir 6 l, 2 br, vinstri kaðall yfir 6l, hægri kaðall yfir 6 l, 2 br, hægri kaðall yfir 6 l, 2 br.

4.-7.umf: 2 br, 6 sl, 2 br, 12 sl, 2 br, 6 sl, 2 br. Endurtakið þessar 7 umferðir að hálsmáli.

### Uppskrift:

**Bolur:** Fitjið upp á þrjóna no 6 132-140-148-156 l og þrjónið perluprjón (1 sl, 1 br til skiptis út umferðina, í næstu umferð er þrjónuð br l yfir sl l og sl yfir br lykkju) alls 14 umferðir. Brjótið nú listann saman þannig að uppfitið verði fyrir innan og þrjónið eina umferð slétta en farið um leið í gegnum fyrstu lykkjur umferðar þannig að kanturinn verður tvöfaldur.

Skiptið yfir á þrjóna no 7 og þrjónið 17-19-21-23 l sl, 32 l kaðlamynstur, 34-38-42-46 l sl, 32 l kaðlamynstur, 17-19-21-23 l sl þar til bolur mælist 49-50-51-52 sm. Þrjónið nú ermar.

**Ermar:** Fitjið upp 40-40-42-44 l á þrjóna no 6 og þrjónið perluprjón alls 14 umferðir og brjótið saman eins og á bol og þrjónið í gegnum uppfitið. Skiptið yfir á þrjóna no 7 og þrjónið slétt þrjón, aukið út í 11. hverri umferð um tvær l, eina framan við síðustu l umferðar og aðra eftir fyrstu l umferðar, alls 5-6-7-7 sinnum (50-52-56-58 l á þrjóninum). Þrjónið þar til ermin mælist 39-40-41-42 sm (athugið að ermarnar eru frekar stuttar á þessari peysu, þrjónið fleiri sm ef þið viljið hafa þær síðari). Setjið 4-4-5-5 l á hjálparnælu, leggið ermína til hliðar og þrjónið aðra ermi eins.

**Axlastykki:** Setjið síðustu 2-2-3-3 og fyrstu 2-2-2-2 l á bol á hjálparnælu og þrjónið aðra ermína við. Þrjónið 15-17-19-21 l sl, 32 l kaðlamynstur, 15-17-18-20 l sl, setjið



næstu 4-4-5-5 l á hjálparnælu og þrjónið hina ermína við.

Gott er að setja þrjónamerki við samskeyti erma og bols vegna úrtöku.

Tekið er úr í annarri hverri umferð þannig að þegar komið er að ermi er fyrsta l á ermi tekin óþrjónuð, næsta l þrjónuð slétt og óþrjónuðu lykkjunni steipt yfir (gætið þess að steipta lykkjan krossist ekki, þannig verður úrtakan áferðarfallegri). Þrjónið þar til 2 l eru að næsta þrjónamerki, þrjónið þá 2 l saman (gætið þess að efri lykkjan leggist bein). Þrjónið að næstu ermi og gerið eins (athugið að það er bara ein lykkja felld af hvoru megin við samskeyti bols og erma). Þrjónið áfram þannig þar til 10-10-12-12 l eru á milli úrtaka, þá breytist úrtakan. Héðan í frá er hún gerð í hverri umferð þannig: Þrjónið að þrjónamerki, þrjónið þá 2 l sl saman, 10-10-12-12 l sléttar, takið næstu l óþrjónaða, þrjónið næstu l sl, steypið óþrjónuðu l yfir (gætið þess áfram að lykkjan sem verður ofaná krossist ekki).

Þegar 6-6-7-7 l eru frá úrtöku á ermi að kaðlamynstri er farið að móta fyrir hálsmáli og þrjónað fram og til baka. Þrjónið þar til þið komið að tvöfalda kaðlinum í mynstrinu, setjið þær 12 l á spotta, snúið við, takið fyrstu l óþrjónaða og þrjónið þannig að mynstrið haldi sér, farið gætilega í úrtökurnar og skoðið hvort þær leggist ekki eins. Þegar komið er aftur að hálsmáli er 2 síðustu l bætt við á spottann, snúið við og þrjónið áfram með úrtökum og mynstri og setjið síðustu 2 l á spottann (alls eru þá 16 l á spottanum). Haldið áfram að þrjóna þar til úrtakan er komin að kaðlamynstrinu.

Skiptið yfir á þrjón no 4,5 og þrjónið 1 umf slétta, takið upp 3-3-4-4 l hægra megin við hálsmálið, þrjónið 16 l af hjálparbandinu og takið upp aðrar 3-3-4-4 l vinstra megin við hálsmálið (alls 90-90-96-96 l á þrjóninum). Nú er þrjónað perluprjón en í fyrstu umferðinni eru 2 og 2 lykkjur teknar saman jafnt yfir þrjóninn alls 6-5-7-6 sinnum þannig að 78-80-82-84 l eru eftir á þrjóninum. Þrjónið 18 umferðir perluprjón. Í stað þess að fella af er kanturinn brotinn inn, svolítið langur spotti skilinn eftir og lykkjurnar saumaðar niður við fyrstu umferð perluprjónskantsins.

Gangið frá endum, pressað létt og njótið þess að klæðast léttu og lipurri flík.

Uppskrift: Þóra Þórarinsdóttir.



**Hannyrðabúðin**  
Eyraveggi 23, Selfossi // 555-1314



**Liðsmenn Team Rynkeby munu hjóla í verslunum BYKO á laugardag frá kl. 13-15 til að kynna átakið. Sérstök Team Rynkeby páskaegg verða til sölu í BYKO þar sem allur ágóði rennur til átaksins.**



## BYKO styður við Team Rynkeby Ísland sem hjólar til styrktar krabbameinssjúkum börnum í sumar

Allt fé sem safnast fer óskert til Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna og er lið Team Rynkeby Ísland orðið stærsti einstaki stuðningsaðili félagsins. Það hefði ekki orðið nema með dyggum stuðningi fólks og fyrirtækja við verkefnið.

**Team Rynkeby** er samevrópskt góðgerðarstarf sem hjólar á hverju ári um 1300 km á 8 dögum frá Danmörku til Parísar og safnar þannig peningum til styrktar krabbameinssjúkum börnum.

Hægt er að fylgjast með liðinu á Facebook TeamRynkebyIsland og Instagram [#TeamRynkebyIsland](#)



### ÍSLAND

**Þú getur líka stutt við átakið**

**907-1601 kr 1.500**  
**907-1602 kr 3.000**  
**907-1603 kr 5.000**



# RYOBI



# Snickers

WORKWEAR

**25% afsláttur**  
**af Ryobi rafmagnsverkfærum**  
**og Snickers vinnufatnaði**

**Verlaðu á netinu á [byko.is](#)**

**BYKO**  
**SELFOSS**  
 KOMDU Í HEIMSÓKN!

## Tilkynning frá sóknarnefnd Selfoskirkju



Áður auglýstum aðalsafnaðarfundi Selfoskirkju, sem fyrirhugaður var þriðjudaginn 2. mars nk., er frestað um óákveðinn tíma. Þar sem fjöldatakmörkunum hefur ekki verið aflétt verður fundinum frestað. Nánar verður tilkynnt með auglýsingu hvenær aðalsafnaðarfundurinn verður.

F.h. sóknarnefndar Selfoskirkju  
Björn Ingi Gíslason, formaður.



## AÐALFUNDUR

Framsóknarfélag Hveragerðis boðar til aðalfundar fimmtudaginn 4. mars 2021 kl. 20:00. Fundurinn verður haldinn á Hótel Örken einnig á ZOOM.

### Dagskrá fundarins:

Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt lögum félagsins.  
Starfið framundan  
Komandi alþingis- og sveitarstjórnarkosningar.

Heitt á könnunni.

Stjórnin.

Vegna takmarkana verður fundurinn einnig á ZOOM. Þeir sem hafa áhuga á að vera með sendi endilega póst á framsokn@email.com til að fá aðgang að fundinum.

## Grunnskólinn í Hveragerði prófar Osmo

Tækninni fleygir fram og nú hafa nemendur í 2. bekk grunnskólans í Hveragerði verið að prófa tæknibúnaðinn Osmo við góðan árangur. Osmo er margverðlaunað leikja- og kennslutæki fyrir iPad og iPhone og er hannað fyrir börn á aldrinum frá 5-13 ára. Osmoleikimír efla hreyfifærni, skilningarvitun og sköpun auk þess sem þeir þjálfa rökhugsun, hljóðkerfisvitund, orðaforða, stærðfræði, samvinnu og samskipti.

Til að geta notað Osmo þarf að kaupa stand (base) fyrir iPad eða iPhone og honum fylgir lítill spegill sem settur er yfir myndavélina. Spegillinn nemur það sem gert er fyrir framan



skjánn hvort sem það er með penna, hreyfingu, kubbum, bókstöfum eða tölustöfum. Forritin sem fylgja tækinu eru ókeypis og þau er hægt að sækja á App Store.

Það sem gerir Osmo-leikina sérstaka er að í þeim er leikið með áþreifanlega hluti, notandinn

handleikur kubba, tölu- og bókstafi, skriffæri og fleira til að hafa áhrif á það sem gerist á skjánum. Í leikjunum er m.a. hægt að púsla saman myndum úr formum, vinna með stafi, orð og tölur, þjálfa fínhreyfingar og rökhugsun, forrit, teikna, skapa og gera tilraunir.

## Hugleiðingar um tannlæknahæðslu

Sverrir Örn Hlöðversson, tannlæknir

Fólk á misauðvelt/erfitt með tannlæknaheimsóknir. Mörg börn hlakka mikið til komunnar. Einhverjir eldri ná góðri slökun og jafnvel dotta í stólum. Aðrir eiga hins vegar erfitt með heimsóknirnar og gera allt hvað þeir geta til að fresta þeim eða jafnvel fara alls ekki. Ef þeir neyðast til af illri nauðsyn þá er nokkuð víst að þeir blunda ekki værum svefni nóttina fyrir heimsóknina.



### Umhverfi barna í dag

Í dag er það spennandi fyrir flest börn sem ég þekki að fara til tannlækis. Barn sem hefur aldrei kynnst öðru en jákvæðum heimsóknum ætti ekki að hræðast tannlækni.

En það eimir enn af fortíðinni. T.d. fjalla eldri barnabækur um „tannpínu“, „bor“, „vont“, og „spratur“. Ekkert sérlega upplifgandi nálgun, enda bækurnar skrifaðar af fólki sem hefur upplifað tímuna tvenna. Í nýrri skrifum er ögn mildara orðaval látið nægja, t.d. „hræddur“ og „var ekkert vont“. Þarf þetta? Og foreldrar í dag segja óvart við börnin sín, sem hafa jafnvel aldrei farið til tannlækis: „Þú þarft ekkert að vera hrædd/-ur“, „Þetta verður ekkert vont“ eða „Ég skal halda í höndina þína“. Vel meint, en hefur yfirleitt þveröfuga verkun. Foreldrum sem hafa sjálfir undirgengist erfiðar heimsóknir hjá tannlæknum hættr jafnvel við að „smita“ börnin sín óvart af sinni eigin hræðslu.

### Vitahringurinn

Þeir sem eiga hvað verst með tannlæknaheimsóknir fara hreinlega ekki til tannlækis, ekki nema sem algjört neyðarúrreði. Athyglin fer þá á verst stöddu tönnina með verknum. Oft flókið/erfitt/kostnaðarsamt verk. Á sama tíma eru aðrar tennur í betra ástandi sem fá enga athygli. Tennur sem er jafnvel einfalt að viðhalda/bjarga. En þar sem viðkomandi er nýbúinn í erfiðri heimsókn hjá tannlækni, jafnvel brenndur af

henni, fer hann ekki fljótlega aftur í „auðveldu“ eftirlitsheimsóknina. Viðkomandi fer ekki til tannlækis því það er svo erfitt. Og af því að hann fer ekki fyrr en er kominn í þrot, þá verða allar komandi heimsóknir líka erfiðar. Sumir skammast sín jafnvel fyrir þetta, sem bætir ekki vanlíðanina.

### Óvissa

Óvissa veldur angist. Fólk getur t.d. hræðst að hjá þeim sé „allt í rugli“ í munnum, jafnvel fólk með fína tannstöðu. Og í stað þess að eyða óvissunni með eftirlitsheimsókn, þá er ekkert aðhafst á meðan viðkomandi er ekki með verki. Óvissa um kostnað getur líka valdið áhyggjum. Að óttast að það þurfi að kosta miklu til að koma hlutunum í lag, nú eða að hafa hreinlega ekki efni á þjónustunni. Eftirlitsheimsókn/skoðun eyðir óvissunni.

### Nokkur heilræði

Líkt og með viðhald bifreiðar/húsnæðis þá er bæði MUN einfaldara og ódýrara að sinna fyrirbyggjandi viðhaldi í munni heldur en flóknum viðgerðum. Aðgerðaleysi hjálpar ekki. Það getur verið erfitt að taka fyrsta skrefið og koma sér af stað. Ég veit; einfalt að segja, erfitt að framkvæma. Segðu frá líðan þinni strax við bókun heimsóknarinnar svo starfsfólki sé undirbúið. Tannlæknirinn þinn getur jafnvel veitt þér sérstaka þjónustu gagnvart tannlæknahæðslu (sbr. flughræðslu námskeiði). Hlífum börnunum: Fullorðnir ættu að temja sér jákvæða umfjöllun, viðmót og orðaforða gagnvart tannlæknaferðum barna sinna.

### Tannlækningar áður fyrr

Tannlækningar hafa verið stundaðar í árþúsundir. Nútíma tannlækningar frá síðla 19. aldar. Rauður þráður í gegnum sögu tannlækninga framan af hafa verið verkir. Fólk leitaði til tannlækna vegna verkja og það kostaði sömuleiðis verki að leysa vandamálin. Ekkert sérstaklega spennandi staða. Með notkun deyfilyfja urðu heimsóknirnar þó léttbærari. Um og eftir 1980 hófst síðan mikið forvarnarstarf á Íslandi. Áður sinnu tannlækna aðallega fjarlægningum/viðgerðum en í dag vilja tannlækna koma í veg fyrir viðgerðarþörf með öflugu forvarnarstarfi.

### Hin gömlu kynni gleymast ei

Það þarf ekki mikið hugmyndaflug til að ímynda sér allar þær sögur sem hafa sprottið um tannlækningar á árum áður. Sumar hverjar sannar, aðrar stórlega ýktar. Barn sem fer í gegnum erfiða reynslu hjá tannlækni getur verið brennimerkt á sálinni fyrir lífstíð. Það er

VINNUEFOT

engelbert strauss  
enjoy work.

FAGFORM

Vinnufatnaður / Sýnileikafatnaður  
Bolir / Polobolir / Hettupeysur  
Fatamerkingar



Heyrðu í okkur  
Sími: 482-3266 • fagform@fagform.is

Gerum allt merkilegt



## Nokkur orð um leikskólamála

Undanfarið hefur ýmislegt verið rætt og ritað varðandi stöðu leikskólamála hér í Sv. Árborg. Umræðan hefur að miklu leyti snúið að fyrirhuguðum lokunum leikskólanna yfir sumartíman, en við undirritun nýjustu kjarasamninga leikskólakennara og viðsemjenda þeirra lengdist sumarleyfistími þeirra um viku og þar með lengdist lokun leikskólanna til samræmis við það. Leikskólarnir í Árborg verða því lokaðir í 6 vikur samfelld frá 29. júní – 9. ágúst 2021 í stað 5 vikna áður.

Á það hefur verið bent að þetta fyrirkomulag hentar mörgum einstaklega illa, bæði foreldrum og starfsfólki leikskólanna, enda geta ekki allir tekið frí á sama tíma ár hvert af þeirri einföldu ástæðu að atvinnulíf tekur í fæstum tilfellum mið af lokunum leikskóla þegar kemur að því að skipuleggja sumarfrí starfsfólks eða önnur frí ef því er að skipta.

Af þessu leiðir að foreldrar ná í mörgum tilfellum ekki að taka sumarfrí saman með börnunum sínum og sumarfrí starfsfólks leikskólanna og maka þess falla heldur ekki alltaf saman af sömu ástæðum.

### Breytinga er þörf

Við í Áfram Árborg vorum með það á stefnuskrá okkar að breyta sumarlokunum leikskólanna og var það tekið inn í meirihluta-sáttmála núverandi meirihluta bærarstjórnar Árborgar með þessum orðum: „Opnunartímar og sumarlokunir leikskóla verði endurskoðaðir í samráði við starfsfólk og foreldra“.

Núna er sú staða kominn upp að þessi endurskoðun þarf að hefjast sem fyrst enda breyttust forsendur mikið í rekstri leikskólanna í upphafi árs vegna lengingu sumarleyfa eins og áður sagði, ásamt styttingu vinnuvikunnar og aukins undirbúningstíma leikskólakennara.

Ég held að flestir geti verið sammála um að leikskólarnir í Árborg séu góðir og ég trúi því að við viljum áfram vera með góða leikskóla sem veita foreldrum og atvinnulífina góða

Sigurjón  
Vidalín  
Guðmundsson  
bæjarfulltrúi



þjónustu, að innan þeirra fari fram metnaðarfullt faglegt starf sem þroskar og virkjar börnin okkar á jákvæðan og uppbyggilegan hátt og starfsfólkinu séu tryggðar eins góðar starfsaðstæður og vól er á ásamt því að hafa tækifæri til að vaxa og eflast í sínu starfi.

Í dag virðist vera ákveðið ójafnvægi í starfsemi leikskólanna og sést það annars vegar á því að starfsmannavelta leikskólanna er há og miklar fjarvistir vegna veikinda (eins og kom fram í skýrslu Haraldar Línaldal sem unnin var fyrir bæjarstjórn í janúar 2019) og hins vegar að stór hluti foreldra er ekki ánægður með þá staðreynd að leikskólum sveitarfélagsins sé lokað í 5 og nú 6 vikur samfelld yfir sumartímann.

### Leysum þetta saman

Öllum áskorunum fylgja tækifæri og nú er rétti tíminn til að fara af stað með heildar-endurskoðun á starfsemi leikskólanna okkar með það fyrir augum að bæta starfsemi þeirra á þann hátt að þeir þjóni hagsmunum allra sem að þeim koma. Þetta á jafnt við um börnin, foreldrana og starfsfólk þeirra. Af þeim sökum mun ég leggja til að skipaður verði starfshópur með fulltrúum sveitarfélagsins, foreldrum og starfsfólki leikskólanna til að móta framtíðarstefnu leikskólanna í Árborg. Það er von mín að sú vinna eigi eftir að skila okkur áfram í fremstu röð þegar kemur að starfsemi leikskóla á Íslandi og skapi sátt um þetta mikilvæga starf sem á sér stað innan leikskólanna enda snýst sú starfsemi um mestu verðmæti okkar allra, börnin okkar.

Sigurjón Vidalín Guðmundsson,  
bæjarfulltrúi Á-lista í Árborg.

## Frekari framkvæmdir við göngu- og hjólastíg við Eyrarbyggð í pípunum



Mannvirkja- og umhverfissvið óskar eftir framkvæmdaleyfi vegna áframhaldandi vinnu við göngu- og hjólastíg meðfram Eyrarbyggð. „Næsti áfangi er uppbygging á stígnum frá Stekköldu inn að afleggjara við Tjarnabyggð, malbikun á stígnum frá Kaldaðarnesvegi inn að Stekkum, uppsetning og tenging ljósastaura frá Flugvallarvegi að Stekkum.“ Bærarstjórn samþykkti erindið.

# LÁTTU FAGFÓLK SELJA ÞÍNA EIGN



Guðný Guðmundsdóttir  
Löggiltur Fasteignasali  
gudny@domusnova.is

Sími: 821-6610

Sverrir Sigurjónsson  
Hdl.

Löggiltur Fasteignasali  
sverrir@domusnova.is

Sími: 662 4422

Haukur Páll Ægisson  
Aðstoðarm. fasteignasala,

í löggildingarnámi  
hp@domusnova.is

Sími: 772 9970

## DOMUSNOVA

Fasteignasala

AUSTURVEGI 6 SELFOSSI - SÍMI 527 1717 - WWW.DOMUSNOVA.IS

## Aðalfundur Rauða krossins í Hveragerði

Aðalfundur Hveragerðisdeildar Rauða krossins verður haldinn

Miðvikudaginn 10. mars kl. 20.00

Í safnaðarheimili Hveragerðiskirkju ef reglur um sóttvarnir leyfa.

Að öðrum kosti verður fundurinn haldinn í fjarfundi sama dag og á sama tíma, vinsamlega fylgist með á heimasíðu Rauða krossins undir viðburðir.

Dagskrá fundarins:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar um starf deildarinnar á liðnu starfsári.
3. Áritaður og skoðaður ársreikningur lagður fram til afgreiðslu.
4. Framkvæmdaáætlun og fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi ár lagðar fram til kynningar.
5. Innsendar tillögur skv. 6. mgr. 21. gr.
6. Kosning deildarstjórnar skv. 21. og 22. gr.
7. Kosning skoðunarmanna og varamanna þeirra. Skv. 22. gr.
8. Önnur mál.

Kjörgengir í stjórn og atkvæðarétt hafa allir félagar, 18 ára og eldri, sem greiddu félagsgjöld fyrir árslok 2021. Fundurinn er opin öllum félagsmönnum og sjálfboðaliðum með sjálfboðaliðasamning.

Grimuskylda er á staðfundi

Stjórnin



Rauði krossinn

# Íþróttir

Efni sendist á dfs@dfs.is

## Sterkir árgangar í handbolta

**HANDBOLTI** Krakkarnir í 6. flokki gerðu það gott í fyrstu umferð Íslandsmótsins sem haldin var á dögnum og skipuðu sér í fremstu röð. Stelpuliðið

á eldra ári, fæddar 2009 urðu í þriðja sæti og drengirnir úr sama árgangi í öðru sæti í efstu deild. Krakkarnir á yngri ári, fædd 2010 gerðu enn betur og unnu

báðir hóparnir efstu deild. Alls sendi Selfoss átta lið til keppni og stóðu allir iðkendur sig með þrýði utan vallar sem innan. -eg



Krakkarnir á yngri ári með gullverðlaunin sín. Ljósmynd: Umf. Selfoss



### Slakur seinni hálfleikur varð Selfoss að falli

**HANDBOLTI** Selfoss tók á móti ungmennaliði HK í Grill 66-deild kvenna á sunnudaginn sl.

Leikurinn var nokkuð jafn framán af og skiptust liðin á að hafa forystu. Selfoss komst mest tveimur mörkum yfir í fyrri hálfleik, 11-9. HK-ingar náðu að minnka muninn og var staðan 12-11 í leikhléi. Selfyssingar mættu andlausir í seinni hálfleik og skoruðu HK fyrstu fjögur mörk hálfleiksins og breyttu stöðunni í 12-15. Þetta var munur sem Selfoss náði aldrei að brúa og HK jók forskot sitt undir lok leiks og sex marka tap staðreynd, 21-27.

Næsti leikur hjá stelpunum er gegn Fram U í Hleðsluhöllinni á miðvikudaginn kl. 19:30, að sjálfsögðu í beinni á SelfossTV.

### Tap gegn Haukum í hörkuleik

**HANDBOLTI** Selfyssingar töpuðu gegn Haukum í hörkuleik á föstudagskvöldið með fimm mörkum, 25-20, að Ásvöllum.

Jafnræði var á með liðunum í fyrri hálfleik og góð vörn í fyrirrúmi. Staðan var 8-8 þegar sex mínútur voru eftir af fyrri hálfleik en þá náðu Haukar tveggja marka forskoti og leiddu 11-9 í hálfleik. Haukar byrjuðu seinni hálfleik af mun meiri krafti og komust fljótt fjórum mörkum yfir. Sóknarleikur Selfyssinga var slakur í seinni hálfleik og reyndist munurinn af mikill til að brúa, lokatölur 25-20.

Það er þétt spilað og næsti leikur hjá strákunum er gegn Gróttu, mánudaginn 22. febrúar kl. 19:30 í Hleðsluhöllinni.

## Fjórtán Selfyssingar á landsliðsæfingum

**HANDBOLTI** Alls hafa fjórtán Selfyssingar verið valdir í yngri landslið Íslands nú í byrjun árs.

Þjálfarar yngri landsliða karla og kvenna völdu æfingahópa fyrir komandi verkefni í vor og

sumar. Það verður gaman að fylgjast með þessu efnilega fólki í framtíðinni. -esó



Efri röð f.v. Tryggvi, Ísak, Alexander, Guðjón Baldur og Hans Jörgen. Neðri röð f.v. Sigurður Snær, Jason Dagur, Einar Gunnar, Sæþór og Tinna Sigurrós. Ljósmynd: Umf. Selfoss

#### U-21 karla

Alexander Hrafnkelsson  
Guðjón Baldur Ómarsson

#### U-19 karla

Elvar Elí Hallgrímsson  
Ísak Gústafsson  
Reynir Freyr Sveinsson  
Tryggvi Þórisson

#### U-17 karla

Daníel Þór Reynisson  
Einar Gunnar Gunnlaugsson  
Hans Jörgen Ólafsson  
Sæþór Atlason  
Sigurður Snær Sigurjónsson  
Gabríel Ágústsson  
Jason Dagur Þórisson

#### U-17 kvenna

Tinna Sigurrós Traustadóttir

## Aðalfundir í þremur deildum

**UMF. SELFOSS** Aðalfundir deilda Umf. Selfoss eru að hefjast og verður aðalfundur sunddeildar mánudaginn 1. mars klukkan 18:15, júðódeildar

mánudaginn 1. mars kl. 20:30 og aðalfundur taekwondodeildar þriðjudaginn 2. mars kl. 20:00. Fundirnir fara fram í Tíbra, félagsheimili Umf. Selfoss.



Elfar Ísak er kominn aftur heim á Selfoss. Ljósmynd: Umf. Selfoss

## Elfar Ísak í Selfoss

**KNATTSPYRNA** Elfar Ísak Halldórsson er genginn aftur í raðir Selfyssinga eftir að hafa spilað með Ægi í Þorlákshöfn síðustu tvö tímabil.

Elfar Ísak, sem er fæddur árið 2002, er miðvörður og kemur til með að auka breiddina í varnarlínu Selfoss í sumar. -ahm

## Katla Björg framlengir við Selfoss

**HANDBOLTI** Línumaðurinn Katla Björg Ómarsdóttir framlengdi samning sinn við handknattleiksdeild Selfoss á dögnum. Katla, sem er aðeins 22 ára gömul, er einn af reynslumestu leikmönnum Selfossliðsins. Handknattleiksdeildin fagnar því að Katla hafi ákveðið að framlengja við deildina.



## Tryggvi framlengir við Selfoss

**HANDBOLTI** Hinn ungi og efnilegi línumaður Tryggvi Þórisson hefur framlengt samning sinn við handknattleiksdeild Selfoss til næstu þriggja ára. Tryggvi er að spila sitt þriðja keppnistímabil með meistaraflokki Selfoss og hefur hans hlutverk stækkað með hverju árinu. Á þessu keppnistímabili hefur Tryggvi verið einn af lykilmönnum í vörn Selfossliðsins og einnig hefur hann verið að láta taka til sín í sókninni. Tryggvi hefur átt fast sæti í yngri landsliðum Íslands síðustu ár og hefur tekið þátt í



nokkrum verkefnum erlendis. Nú á dögnum var hann valinn í U19 ára landsliðið fyrir æfingar í næsta mánuði.

# Gott gengi á HSK í Bikarglímu Íslands

GLÍMA Bikarglíma Íslands fór fram laugardaginn 13. febrúar. Níu keppendur kepptu fyrir hönd HSK. Jana Lind Ellertsdóttir varð bikarmeistari í flokki kvenna -70 kg og í 3. sæti í opnum flokki. Óskar Freyr Sig-

urðsson varð bikarmeistari hjá 14 ára strákum og Sæþór Leó Helgason varð bikarmeistari hjá 12 ára strákum. Margrét Lóa Stefánsdóttir varð í 2. sæti hjá 12 ára stelpum, Magnús Ögri Stefánsson varð í 3. sæti og

Björgvin Guðni Sigurðsson var í 6. sæti hjá 12 ára strákum. Svandís Aitken Sævarsdóttir varð í 3. sæti hjá 14 ára stelpum og Arnór Leví Sigmarsson varð í 4. sæti hjá 14 ára strákum.



Jana Lind Ellertsdóttir (til hægri) varð bikarmeistari.



Keppendur Þjótanda, sem voru einu keppendur HSK í barnaflokkum, með verðlaun sín að móti loknu.

# Jakub Madej blakmaður úrvalsdeildar Hamars 2020

BLAK Aðalfundur Blakdeildar Hamars fór fram í Skólamörkinni 8. febrúar. Góð mæting var á fundinum. Stjórn Blakdeildarinnar skipa Barbara Meyer, formaður, Anna Mazurek meðstjórnandi, Andri Þ. Ásgeirsson, gjaldkeri, Greta Sverrisdóttir, meðstjórnandi og Ingi B. Ingason, meðstjórnandi. Fyrir utan venjuleg aðalfundarstjórn var kosið í stjórn og hlutu allir stjórnarmenn endurkosningu. Veittar voru viðurkenningar fyrir vel unnin störf á árinu og hlaut Sigrún Kristjánsdóttir viðurkenningu fyrir framúrskarandi starf sem sóttvarnafulltrúi blakdeildarinnar. Elva Gunnlaugsdóttir hlaut viðurkenningu fyrir góða ástundun og mætingu, Barbara Meyer og Jakub Madej voru valin blakmenn ársins 2020. Jakub gekk til liðs við Hamar síðasta sumar og hefur spilað alla leiki síðan og verið stigahæsti leikmaðurinn í þremur af fjórum leikjum og var m.a.



F.v. Elva Gunnlaugsdóttir, Barbara Meyer, Radoslaw Rybak hjálfi og Jakub Madej.

valinn maður leiksins (MVP) í leik á móti Aftureldingu. Fjórir erlendir leikmenn spila með

úrvalsdeildarliði Hamars sem stendur efst í deildinni.

## Ráðgjöf í tengslum við Uppbyggingarsjóð Suðurlands

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) hefur á síðustu árum gert samstarfs-samninga við þekkingarstofnanir víða um Suðurland og búa því yfir öflugum teymi ráðgjafa og verkefnastjóra vítt og breitt um landshlutann. Eru ráðgjafar m.a. með aðsetur á Selfossi, Hvolsvelli, Vík í Mýrdal, Vestmannaeyjum, Kirkjubæjarklaustri og Hornafirði. Hluti af þjónustu SASS er að veita ráðgjafathjónustu á sviði atvinnuþróunar, nýsköpunar og menningarmála og veitir m.a. ráðgjöf við mótun verkefna og eftirfylgni með Uppbyggingarsjóði Suðurlands og er þjónustan endurgjaldslaus.

Nýlega hefur ráðgjafavefur SASS, [www.sass.is/radgjof](http://www.sass.is/radgjof), verið endurnýjaður að miklu leyti og þá sérstaklega hvað varðar stoðefni og leiðbeiningar við gerð styrkumsókna í Uppbyggingarsjóð. Þar má einnig finna upplýsingar og leiðbeiningar í tengslum við aðra fjármögnun, menningarmál og markaðsmál.

Þjónusta SASS felur einnig í sér handleiðslu og leiðbeiningar um annað stoðkerfi atvinnulífs og menningar. Því hvetjum við alla þá sem búa yfir verkefnahugmyndum á þessum sviðum að eiga samtál við ráðgjafa á vegum SASS og leita í samein-

ingu að þeim leiðum sem skila sem bestum árangri.

Á heimasíðu SASS má finna allar upplýsingar um þjónustuna og ráðgjafa sem starfa á vegum SASS. Þar er einnig hægt að panta tíma í ráðgjöf, hvort sem er á stað-, fjarfundi eða í gegnum síma. Einnig má hafa beint samband við ráðgjafa á svæðinu.

Að lokum viljum við vekja athygli á að umsóknarfrestur í Uppbyggingarsjóð Suðurlands rennur út þriðjudaginn 2. mars klukkan 16:00, sjá nánar: [www.sass.is/uppbyggingarsjodur](http://www.sass.is/uppbyggingarsjodur).

Selfoss TV  
MID 24. FEB 19:30  
Grill 66 deild kvenna  
SELFOSS - FRAM U  
SPORT  
FIM 25. FEB 18:30  
Olíseid karla  
SELFOSS - IBV  
HLEDSLUHÖLLIN

Selfoss TV  
SUN 28. FEB 19:30  
Olíseid karla  
SELFOSS - STJARNAN  
SPORT  
HLEDSLUHÖLLIN



Aðalfundur deilda Umf. Selfoss árið 2021 verða haldnir í félagsheimilinu Tíbrá sem hér segir:

### Sunddeild

mánudag 1. mars klukkan 18:15

### Júðódeild

mánudag 1. mars klukkan 20:30

### Taekwondodeild

þriðjudag 2. mars klukkan 20:00

### Mótokrossdeild

fimmtudag 4. mars klukkan 20:00

### Fimleikadeild

þriðjudag 9. mars klukkan 20:00

### Knattspyrnadeild

fimmtudag 11. mars klukkan 20:00

### Handknattleiksdeild

fimmtudag 18. mars klukkan 20:00

### Frjálsíþróttadeild

miðvikudag 24. mars klukkan 20:00

Á dagskrá fundanna eru venjuleg aðalfundarstörf og önnur mál.

Allir velkomnir, Ungmennafélag Selfoss

Aðalfundur Ungmennafélags Selfoss árið 2021 verður haldinn í félagsheimilinu Tíbrá fimmtudaginn 29. apríl klukkan 20:00.

# Nýbúinn á Selfossi

Eftir 70 ára búsetu á höfuðborgarsvæðinu og þar af 46 ár í Kópavogi ákváðum við hjónin að kanna hvort ekki væri meira aðlaðandi búsvæði utan borgarinnar þar sem okkur fannst margt vera að færast til verri vegar í höfuðborginni svo sem aukin mengun og óþolandi umferðarpungi, en þó ekki allt of langt frá borginni. Sem skilyrði settum við að: húshitun væri með jarðhita, heilbrigðisþjónusta væri góð, lágvöruverðsverslun væri á svæðinu og sem fjölbreyttust þjónusta og afþreying staði til boða. Við skoðuðum ýmis nágrenna- byggðarlög á Suðurlandi, Reykjanesi og Vesturlandi og þar á meðal Selfoss og eftir að hafa velt fyrir okkur og metið kosti og hugsanlega galla þessara bæjarfélaga sem eru í innan við fimmtíu kílómetra fjarlægð frá Reykjavík komumst við að þeirri niðurstöðu að Selfoss væri ekki bara besti kosturinn heldur langbesti kosturinn sem í boði var og hófum við þá að skoða fasteignir til sölu, bæði nýjar og eldri á Selfossi þar sem feiknamikil uppbygging á sér stað um þessar mundir. Um leið og við ókum í austur yfir Ölfusárbrú, sem byggð var árið 1945 og löngu er tímabært að létta umferð á með nýrri brú áður en slys hlýst af, blasti við okkur beint framundan autt svæði, tún, gat í byggðina. Heldur þótti okkur þetta núturleg aðkoma að þessum fallega bæ með sína lágreistu vinalegu byggð með mörgum fallegum húsum og húsagörðum og vonandi fær hann að halda þessu útliti sínu um langa framtíð laus við háa byggð fjölbýlishúsa, en ennþá eru engar byggingar á Selfossi hærrí en fjórar hæðir (e.t.v. hótelið). Selfoss hefur og mun áfram hafa um langa framtíð góðan aðgang að nægu byggingalandi og því ástæðulaust að teygja nýbyggingar til himins og með því skemma vinalega ásýnd bæjarins. Fljótlega fregnuðum



við að til staði að hefja byggingar á þessum auða reit í hjarta bæjarins sem breyta mundi gjör-samlega upplifun þeirra sem yfir brúna aka þar sem í stað túnbledsins mun blasa við þyrping nýbyggðra fallegra húsa af fjölbreyttri gerð, bygginga þar sem horft er til eldri húsa við hönnun, húsanna sem áður höfðu prýtt ýmsa bæi vítt og breitt um landið meðal annars á Selfossi, sem orðið hafa þurft að víkja, hús sem af yrði mikil prýði og munu efalaust draga að sér fjölda ferðamanna til bæjarins til að skoða og njóta. Benda má á gömlu Mjólkurstöðina sem dæmi. Byggingar hófust síðan á svæðinu að undangengnum íbúakosningum þar sem meirihluti bæjarbúa lýsti sig hlynntan uppbyggingunni. Síðan framkvæmdir hófust hef ég gert mér ítrekaðar ferðir gangandi og hjólandi á byggingasvæðið til þess að forvitnast um gang mála og dást að nýbyggingunum sem verða munu bæjarprýði um langa framtíð og ég hlakka til að geta sest niður á fallegum degi með kaffibolla í hönd í nýja miðbæ Selfoss og virða fyrir mér mannlífið. Það má þó ekki gleymast að eldri hús á staðnum og meðfram Eyrarvegnum þurfa nauðsynlega að fá lagfæringar og upplýftingu. Að fenginni reynslu nú eftir þriggja

ára búsetu höfum við reynt að allt það sem við þurfum og viljum hafa í einu bæjarfélagi er til staðar á Selfossi og rúmlega það. Sem dæmi um þá þjónustu og afþreyingu sem í boði er á Selfossi má nefna að tvær öflugustu byggingavöruslanir landsins eru báðar með starfsstöðvar á Selfossi. Hér er kvikmyndahús, bókasafn, bakarí, fjölbreytt úrval veitingahúsa og fjölbreytt úrval verslana, öflugt íþróttastarf, afgreiðslustaðir allra þriggja bankanna, þróttugt og fjölbreytt starf eldri borgara, öflug íþróttastarfsemi með góða aðstöðu til að iðka flestar greinar íþróttanna og á íþróttavallasvæðinu rís nú glæsilegt fjölnota íþróttahús sem við Selfossbúa fylgjumst með af eftirvæntingu og stolti rísa, sjúkrahús og heilsugæsla og ekki síst frábær sundlaug sem tekur flestum öðrum sundlaugum á landinu fram. Í sundlaugunum má alltaf ganga að skemmtilegum innfæddum Selfossbúum vísun þar sem fá má frásagnir af margskonar atburðum frá fyrri tíð og ekki síður því sem framundan er í Árborg. Ítarlegri fréttir má síðan fá hjá rakara bæjarins þar sem notalegt er að setjast í stólinn og þiggja kaffibolla og taka spjall, en hann er jafnframt bæjarfulltrúi Árborgar og er margfróður og fús til að upplýsa nýbúa um

hvað er á döfinni í sveitarfélaginu Árborg. Eitt er það sem ég hef veitt athygli hér á Selfossi, en það er kurteisi og tillitssemi ökumanna þegar gangandi vegfarandi þarf að komast yfir götu á gangbraut, undantekningalaust stöðva ökumenn bílanna í tíma til þess að veita þeim gangandi forgang. Ekki má heldur í þessari upptalningu gleyma hinum frábæra Hellisskógi þar sem unnið hefur verið stórkostlegt starf að gróðursetningu og lagningu fjölmargra göngustíga um skóginn þar sem skemmtilegt er að ganga um og njóta útiveru. Ég leyfi mér þó að benda á að tilvalið væri að útbúa sérstakan reit þar sem komið yrði fyrir eintaki af öllum þeim trjátegundum sem finna má í skóginum ásamt upplýsingaskilti þar sem upplýsingar væru um hverja tegund fyrir sig. Það gæti verið fróðlegt og upplýsandi t.d. fyrir grunnskólabörn að skoða ásamt kennara sínum. Þá verð ég að minnast á hinn bráðskemmtilega golfvöll Golfklúbbs Selfoss í fallegu umhverfi sem að hluta

til liggur meðfram Ölfusá og býður uppá frábæra skemmtun, útsýni og útiveru. Það var aðeins eitt sem ég í fyrstu saknaði frá höfuðborginni, en það var að Fréttablaðið er ekki borið út til lesenda, það þýðir að áhugasamir lesendur þurfa að ganga mislangan spöl og sækja blaðið í þar til gerða kassa sem finna má festa á ljósastaura víðsvegar um bæinn. Fljótlega varð þessi daglegi stutti göngutúr þó að ágættri lengri ferð og breyttist í heilsu- bót- og útiverugöngutúr og allir glaðir. Þetta er svona í aðalatriðum upplifun mín sem nýbúi á Selfossi, en mig langar þó til að lokum að koma með tvær ábendingar til þeirra sem málið varðar. Með Suðurhólum öllum liggur göngu- og hjólastígur frá vestri til austurs sem frábært er að ganga á góðum degi og flesta daga er hann mikið genginn, en þó vantar tilfinnanlega fleiri sætisbekki þar sem hægt væri að setjast niður á móti suðri og njóta þess að horfa yfir sveitina sem blasir við sunnan við byggðina. Ég saknaði þess einnig að ekki sé til ábendinga- og upplýsingablað með götukorti af Selfossi þar sem merktar væru inná helstu þjónustustaðir sem bæjarbúar nýir og eldri þurfa að sækja þjónustu til svo sem skrifstofu bæjarins, byggingafulltrúa, sjúkrahúss og heilsugæslu, gámastöð, bókasafns, pósthúss, íþróttavallar og félagsstöðu eldri borgara svo eitthvað sé nefnt. Ég hef séð slík upplýsingablöð í öðrum bæjarfélögum liggja frammi á viðeigandi stöðum. Áfram Selfoss.

Með kveðju,  
Ómar V. Franklínsson,  
Selfossbúi

## Auglýst er eftir umsóknum í Uppbyggingarsjóð Suðurlands

### Menningarverkefni

Bætt menning, velferð og samstarf svo lífsgæði eflist og mannlíf á Suðurlandi blómstri

### Atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni

Öflugt atvinnulíf á Suðurlandi með aukinni nýsköpun, bættari framleiðni og fleiri fyrirtækjum

Kynnið ykkur áherslur og úthlutunarreglur sjóðsins á [www.sass.is](http://www.sass.is)

UMSÓKNARFRESTUR RENNUR ÚT  
ÞRIÐJUDAGINN 2. MARS, KL. 16:00



**RÁÐGJÖF UM ALLT SUÐURLAND**  
Ráðgjafar eru á starfsstöðvum um allt Suðurland. Umsækjendur eru hvattir til hafa samband við ráðgjafa á vegum SASS og fá aðstoð við gerð umsókna.

STYRKIR@SASS.IS S. 480-8200 WWW.SASS.IS

Uppbyggingarsjóður er hluti af  
**SÓKNARÁÆTLUN SUÐURLANDS**



**SASS**  
SAMTÖK  
SUNNLEISKRA  
SVEITARFÉLAGA

## SAMSTARF – STOFNFRAMLÖG TIL BYGGINGAR Á ÍBÚÐARHÚSNÆÐI



Skeiða- og Gnúpverjahreppur leitar að samstarfsaðilum um byggingu íbúða með hagkvæmum hætti í byggðakjörnum sveitarfélagsins. Horft er til þess að sveitarfélagið komi að verkefnum sem þessum með 12% stofnframlagi. Auk þess verður lagt upp með að stofnframlög á grundvelli laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir komi til verkefnanna frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

Áhugasamir sendi umsókn með greinargóðum upplýsingum á netfangið [kristofer@skeidgnup.is](mailto:kristofer@skeidgnup.is) eigi síðar en 1. mars nk.

Sveitarstjóri  
Skeiða- og Gnúpverjahrepps



## Harry Potter-andinn sveif yfir Hvolsskóla

Harry Potter þema tók algjörlega yfir skólastarf elsta stigs 1. - 16. febrúar en þá breyttist Hvolsskóli í Hogwarts-skóla og nemendur skiptust niður á fjórar heimavistir. Almenn skólastarf litaðist af þemadögum og því voru t.d. reikniþrautir með Harry Potter-ívafi, nemendur sömdu ljód á dönsku um HP og útbjuggu kort af London þar sem merktir voru inn helstu ferðamannastaðir í Samfélagsfræði. Allar heimavistir bjuggu til hlaðvörp og sjónvarpsfréttir og gáfu út fréttabréf. Heimavisturnar unnu svo að því að safna stigum en stig voru gefin fyrir ýmis verkefni, hátterni og góðverk.

Í íþróttahúsinu spiluðu visturnar svo Quidditch hver við aðra og var keppnisskapið mikið og visturnar stóðu sig allar vel, hvort sem það var í spilamennsku inni á vellinum eða með stuðningi á pöllum. Það var lið Hufflepuff sem sigraði keppnina að lokum.

Síðasta dag þemadaganna var mikil spenna í loftinu en þá var komið að því að kynna afraksturinn fyrir dómnefnd og allar heimavisturnar áttu möguleika á því að sigra keppnina en flest stig samtals fengust fyrir þennan lokadag. Í dómnefnd voru þau

Árný Lára Karvelsdóttir, Bæring Jón Breiðfjörð Guðmundsson og Óli Jón Ólason. Heimavisturnar voru m.a. metnar eftir skreytingum, kynningu á básum og heildarútliti. Dómarnir áttu erfitt verk fyrir höndum og var það samröma álit þeirra að nemendurnir hefðu staðið sig virkilega vel og ættu öll hrós skilið ásamt kennurum sínum og umsjónarmönnum. Ásamt dómurum fengu nemendur á yngsta- og miðstigi að heimsækja visturnar og einnig elstu börnin í leikskólunum.

Eftir að visturnar höfðu verið metnar tók við danskeppni þar sem hver vist hafði undirbúið hópans og Hufflepuff-vistin var tilkynnt sem sérstakir sigurvegarar þeirrar keppni.

Dómarnir réðu svo ráðum sínum og að lokum var niðurstaðan sú að Ravenclaw-heimavistin hefði sigrað og fengu þau því heimavistarbikarinn.

Þemadagarnir voru virkilega vel heppnaðir og fengu nemendur að spreya sig á hinum ýmsu verkefnum, bæði til gamans og af alvöru. Kennarar, starfsfólk og umsjónarmenn daganna eiga virkilega stórt hrós skilið sem og nemendurnir sem lögðu sig fram um að vel tækist til.

## Stjórnarskipti Mímis

Góðan daginn, kær Sunnlendingar!

Þessa dagana eru stjórnarskipti nemendafélagsins Mímis á næsta leiti og því mikið að gerast. Frambjóðendur eru með áróður, halda framboðsræður og gera allt sem í þeirra valdi stendur til að sannfæra samnemendur sína til að kjósa sig. Allt þetta hefur þurft að fara fram með breyttum hætti til að fara eftir tilmælum Almannafræðinganna en gengur þó vel.

26. janúar tók umhverfisnefnd ML við fimmta grænfaða skólans. Umhverfisnefndin fundar reglulega og veltir fyrir sér hverju má breyta og hvað má fara betur í allskyns málum tengdum umhverfisvernd.

Fimmtudag og föstudag 11. og 12. febrúar var kórinn með

litlar kórbúðir innan skólans. Kórfélögum var skipt niður í hópa og annars vegar sungu með kórstjóra eða sinntu hópefli til að hrista saman hópinn.

Fimmtudaginn 11. febrúar klæddu nemendur sig í sín hlýjustu föt og skelltu sér út í snjóstríð. Snjórinn var mjúkur og fullkominn fyrir snjóboltamótun. Nemendum þótti mjög gott að komast út að leika og skemmtu sér allir mjög vel.

Föstudaginn 12. febrúar var dansað gegn ofbeldi í sölum skólans. „Milljarður rís“ er mikilvægt málefni gegn kynbundnu ofbeldi og fólk um allan heim tekur smástund úr degi sínum til að dansa. Þátttaka var góð en vel passað upp á allar sóttvarnir.

Umsjón: Jóna Guðlaug og Jónína Njarðardóttir

## Spennandi störf hjá EFLU



### SÉRFRÆÐINGUR Í SKIPULAGSMÁLUM

EFLA leitar að metnaðarfullum og áhugasömum starfsmanni til starfa í skipulags-teymi EFLU. Starfsfólk EFLU í skipulagsmálum er staðsett víðs vegar um landið og er starfið því óháð staðsetningu. Unnið er að margvíslegum verkefnum sem snúa að skipulagsmálum, stórum sem smáum.

### STARFSSVIÐ

- Samskipti við viðskiptavini og aðra hagaðila
- Þróun og sókn skipulagsráðgjafar
- Fjölbreytt og sérhæfð verkefni á sviði skipulagsmála

### HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi og réttindi til framsetningar skipulags
- Reynsla og vilji til að stýra verkefnum tengd skipulagsmálum
- Afburða hæfni til samskipta og samvinnu
- Nákvæmni, skipulagshæfni og öguð vinnubrögð
- Góð færni í textagerð og miðlun upplýsinga

### NÁNARI UPPLÝSINGAR

Ásgeir Jónsson, fyrirlíði skipulags (asgeir.jonsson@efla.is).

### RAFMAGNAD STARF Á SUÐURLANDI

EFLA leitar að metnaðarfullum og áhugasömum starfsmanni á starfsstöð EFLU á Suðurlandi (Selfossi) þar sem unnið er að margvíslegum verkefnum sem snúa að byggingum, þéttbýlistækni, iðnaði, verkefnastjórn, eftirliti með framkvæmdum o.fl.

### STARFSSVIÐ

- Fjölbreytt verkefni á sviði raflagna, m.a. við hönnun rafkerfa, eftirlit, verklýsingar, áætlanir
- Samskipti við viðskiptavini og hagaðila
- Þróun og sókn raflagna hjá EFLU

### HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, t.d. iðnfræði, rafmagnsverkfræði eða rafmagnstækni
- Reynsla af raflagnahönnun er kostur
- Reynsla í notkun AutoCad og Revit er kostur
- Afburða hæfni til samskipta og samvinnu
- Nákvæmni, skipulagshæfni og öguð vinnubrögð
- Góð færni í textagerð og miðlun upplýsinga
- Góð hæfni í íslensku og ensku í ræðu og riti. Kunnátta í Norðurlandamáli er kostur

### NÁNARI UPPLÝSINGAR

Ólafur Daníelsson, svæðistjóri EFLU á Suðurlandi (olafur.danielsson@efla.is).

### SUMARSTÖRF HJÁ EFLU

EFLA leitar að hugmyndaþróun og metnaðarfullum verkfræði- eða tæknifræðinemum í sumarstörf með framtíðarvinnu í huga. EFLA leggur áherslu á að veita ungum starfsmönnum tækifæri á að axla ábyrgð í verkefnum og þróast í starfi. Umsókn með upplýsingum um menntun, einkunnun og starfsreynslu skal berast gegnum ráðningarvef EFLU.

Öll starfsemi EFLU byggir á teymishugsun þar sem samvinna, þátttaka og samábyrgð í sterkri liðsheild eru grundvallaratriði. Umsókn, með upplýsingum um menntun og starfsreynslu, skal berast rafrænt í gegnum vef EFLU, [www.efla.is/laus-storf](http://www.efla.is/laus-storf), eigi síðar en 7. mars 2021. Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

EFLA vill fá til liðs við sig kraftmikið, jákvætt og metnaðarfullt starfsfólk sem skarar fram úr á sínu sviði. Við vinnum fjölbreytt verkefni í teyminum þvert á svið og svæði. Við bjóðum upp á afþreyingu starfsumhverfi og góðan starfsanda.

UMSÓKN [efla.is/laus-storf](http://efla.is/laus-storf)

FRESTUR 07.03.2021

☎ 412 6000

🌐 [efla.is](http://efla.is)

## FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG  
ÁRNESSÝSLU**  
Símatími alla virka daga  
frá kl. 13:00 til kl. 16:00  
sími 788 0300.

**Al-Anon Selfossi**  
Al-Anon fundir á þriðjudögum  
kl. 20:00, nýliðafundur  
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

**Al-Anon**  
Al-Anon fundur - Einn dagur  
í einu. Laugardagsmorgnum  
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

**AA**  
Mán. kl. 21 - AA fundur  
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur  
Þrið. kl. 19 - AA konufundur  
Mið. kl. 19:30 - AA fundur  
Fim. kl. 20 - AA karlafundur  
Fös. kl. 20:30 - AA fundur  
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur  
Sun. kl. 11 - AA fundur  
Sun. kl. 21 - AA fundur  
AA Hrísholti 8, Selfossi.  
Nánari upplýsingar á aa.is.

**AA Sporgöngufólk f. alla**  
Bókasafn  
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn  
Klukkan 11-12 sunnudag.

**AA opin fundur f. alla**  
Kirkjan kjallari  
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn  
Klukkan 20:00 fimmtudag.

**OA**  
Áttu erfitt með að hætta að  
borða? OA 12 spora fundir  
Overeaters Anonymous alla  
þriðjudaga kl. 17:30 Hrísholti 8.

**CoDA**  
Bataleið frá meðvirkni  
Fundir alla laugardaga  
kl. 10:30.  
Hrísholti 8, Selfossi.  
Nánari upplýsingar á coda.is.

**Leiðin út á þjóðveg**  
Fundir í Rauðakrosshúsinu  
Hveragerði, efri hæð,  
fimmtudaga kl. 20:30.

**DAGSKRÁIN**  
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS  
S. 482 1944  
dfs@dfs.is

## BÍLAR

**KLETTUR**  
Bifreiðaverkstæði

Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi

Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og  
almennar bílavíðgerðir,  
Hjólástíllingar



Dekkja- og smurþjónusta  
Sími 482 4069

**AB SKÁLINN**  
Gagnheiði 11  
800 Selfossi  
Sími 482 2200  
GSM 894 2277  
Fax 482 2777  
Yfirbyggingar - Réttingar  
Bílamálun - Rúðuskipti

## ÞJÓNUSTA

**BR FLUTNINGAR**  
S: 662-1122  
Daglegar ferðir  
SELFOSS - REYKJAVÍK  
SUÐURLAND

**ICECOOL**

Bifreiða- og breytingaverkstæði  
Gagnheiði 51, Selfossi  
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

**KJARNABÓKHALD**

Bókhald • Framtöl • Skattskil  
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss  
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri!

**Hjá Maddy ehf.**

Eyravegi 27 - 800 Selfoss  
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf  
skattskil

Þjónusta við  
einstaklinga og  
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

**STEYPUÖGUN - KJARNABORUN - INNRÖMMUM - TVÍBLAÐASÖGUN FYRIR HITALÖGNUM**

Saga dryagöt, gluggagöt og fleira  
í steinsteypu.  
Kjarnaborun fyrir lögnum.  
Ramma inn myndir,  
spegla og fleira.  
Annast einnig sólpallasmíði.

ÁSGEIR EGGERTSSON  
Sléttuvegi 6, Selfossi  
Sími 893 9068  
STEINSTEYPUÖGUNIN ÁS ehf.

**prentmet**  
heilðarlausnir í prentun

## TIL LEIGU

**Stúdíóið í Hveragerði**  
Ný stúdíóið í Hveragerði laus í  
langtímaleigu. Fullbúin hús-  
gögnum og heimilistækjum.  
Uppl. í síma 860 1957 eða 697  
8782.

**Íbúð á Selfossi**  
Til leigu góð þriggja herbergja  
íbúð á Selfossi. Laus frá 1. mars.  
Uppl. egw1@hi.is eða síma 690  
4368.

# Velheppnaður og skemmtilegur öðruvísi öskudagur í Hvolsskóla

Öskudagurinn hefur verið einn af þeim dögum í skóladagatalinu sem mest er hlakkað til. Vegna þeirra aðstæðna sem við búum nú við þótti ekki heppilegt að börnin væru að ganga á milli fyrirtækja að þessu sinni. Stjórnendur í Hvolsskóla ásamt sínum góða hópi kennara og annars starfsfólks lögðu höfuðið í bleyti um hvernig hægt væri að gera daginn skemmtilegan og með mikilli útsjónarsemi og skipulagningu tókst að halda skemmtilegan öskudag innan veggja skólans.

Nítján fyrirtæki og stofnanir í sveitarfélaginu tóku þátt í deginum með því að senda glaðning í skólann og útbúar voru stöðvar í skólanum þar sem hvert fyrirtæki átti sitt borð þar sem starfsfólk sá um að deila út því sem í boði var. Fyrirtækin og stofnanir sem tóku þátt voru: Apótekið, N1, TM, Rafverk-



stæði Ragnars, Rarik, Rangáring eystra, Lífland, Fóðurblandan, Magni, Húsasmiðjan, Heilsugæslan, Pwc, Krónan, Lögreglan, Sýsluskrifstofan og Bókasafnið. Landsbankinn og Björkin sáu um að gefa popp og

Svala fyrir kvikmyndasýningar inni í bekkjarstofunum sem voru fyrstar á dagskrá og SS gaf pylsuveislu fyrir bæði skólann og leikskólann í hádeginu. Öll þessi fyrirtæki og stofnanir fá miklar þakkir fyrir að taka þátt.

## KIRKJUR

## Selfoskirkja

Guðsþjónusta sunnudaginn 28. febrúar kl. 11:00. Organisti Edit A. Molnár, raddir úr Kirkjukór Selfoskirkju leiða söng. Prestur Arnaldur Bárðarson. Sunnudagskóli í umsjón Sjafnar Þórarinsdóttur ásamt leiðtogum. Morgunbænir þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga kl. 9:15. Upplýsingar um barna- og unglingastarf á selfoskirkja.is.

## Skálholtsdómkirkja

Messa sunnudag kl. 11.00. Prestur sr. Egill Hallgrímsson. Organisti Jón Bjarnason. Vegna fjöldatakmarkana er hægt að tryggja sér aðgang með því að skrá sig á síðunni sregill.net.

Torfastaðakirkja,  
Biskupstungum

Guðsþjónusta sunnudag kl. 14.00. Prestur sr. Egill Hallgrímsson. Organisti Jón Bjarnason. Vegna fjöldatakmarkana er hægt að tryggja sér aðgang með því að skrá sig á síðunni sregill.net.

Stóru-Borgarkirkja,  
Grimsnesi

Bæna- og kyrndarstund þriðjudagskvöld 2. mars kl. 20.30. Einföld en óvenjuleg 40 mínútna stund við kertljós eingöngu. Vegna fjöldatakmarkana er hægt að tryggja sér aðgang með því að skrá sig á síðunni sregill.net.

## Kálfholtskirkja

Guðsþjónusta verður næsta sunnudag 28. feb. kl. 14.00.

## Aðventistar

Safnaðarheimili aðventista, Eyravegi 67, Selfossi, 27. febrúar. Bibliluxur kl. 11 og guðsþjónusta kl. 12. Við fylgjum sóttvarnarreglunum og minnum á spritt, grímur og 2 metra. Streymi verður einnig haldið áfram frá Aðventkirkjunni í Reykjavík, sjá Youtube og Adventkirkjan. Verið velkomin.

## Þetta þarf ekki að vera svona flókið!

Flokkunarkerfi og aðferðir við flokkun sorps hér á landi eru mjög flókin og lítið samræmd. Þegar farið er á milli sveitarfélaga er ekkert víst að það sem mátti fara í tunnuna á einum stað megi fara í hana á þeim næsta. Þarf þetta að vera svona flókið? Fyrir rúmu ári skrifaði ég dæmisögu um flækjuna í þessum málaflökki í blaðgrein sem kallaðist „Af hverju þarf þetta að vera svona flókið?“. Lítið hefur breyst í þessum málum á þessu rúma ári.

Nei, þetta þarf ekki að vera svona flókið og ætti ekki að vera það í okkar litla landi. Stjórnvöld ættu að marka sér skýra stefnu og samræma flokkunarkerfi fyrir landið allt sem í heildina myndi skila betri flokkun þar sem íslenskir ferðalangar geta flokkað sorp á sama máta og heima hjá sér. Það myndi styðja við að verðmætin sem felast í sorpinu okkar eigi meiri möguleika á að öðlast nýtt líf.

Þar sem það tekur ríkisvaldið oft langan tíma til að bregðast við geta sveitarfélögin tekið höndum saman og bætt til muna hvernig staðið er að þessum málum og samræmt sín kerfi með sínum nágrennum til þess að minnka flækjuna.

Sveitarfélögin fjögur í uppsveitum Árnessýslu; Hrunamannahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Bláskóga- og Grímsnes- og Grafningshreppur hafa á undanförunum mánuðum unnið sameiginlega að því að undirbúa sorphirðuútböð með það að leiðarljósi að koma á samræmdum ferlum varðandi sorpmálin. Í byrjun febrúar var samþykkt í sveitarstjórn hjá

**Daði Geir Samúelsson**

formaður  
umhverfisstjóri  
Hrunamannahrepps



öllum þessum sveitarfélögum að samræma flokkunarkerfin sín á milli og fara í fjögurra tunnuna flokkun við hvert heimili við næsta útboð. Auk þess er stefnt að innleiðingu á samnorrænum merkingum fyrir flokkun og söfnun úrgangs sem FENÚR, fagræð um endurvinnslu og úrgang, hefur útfært fyrir Ísland. Með samræmdum flokkunar- og merkjakerfum verða skilyrði til flokkunar betri sem stuðlar að hringlaga hagkerfi (hringrásarhagkerfi).

Með þessu skrefi, sem mun eiga sér stað í október 2021, verður flækjan aðeins minni og gestir og íbúar í uppsveitum vita að hvaða flokkunarkerfi það gengur að óháð í hvaða sveitarfélagi í Uppsveitum það er.

Langar mig til að hvetja önnur sveitarfélög og landshlutasamtök sveitarfélaga til að huga að þessum málum og samræma sín kerfi með sínum nágrennum/aðildafélögum og taka upp samræmt merkjakerfi FENÚR.

Höfum þetta einfalt, skýrt og samræmt og allir græða.

Daði Geir Samúelsson,  
formaður umhverfisstjóri  
Hrunamannahrepps  
og frambjóðandi í 2. - 4. sæti  
prófkjöri Framsóknar í Suður-  
kjördæmi.

## Hvað leynist í blómabeðinu þínu?

Í vikunni fór ég í gönguferð í sérstöku veðurferð. Það lá þoka yfir Selfossi og veðrið var sveipað dulúð og ævintýraljóma. Það var sérstakt að ganga um bæinn því allt í einu birtust úr þokunni bílar og manneskjur. Ég sá ekki mjög langt en var fljót að venjast skygginu, rétt eins og það er auðvelt að venjast myrkri. Við áttum okkur ekki á hversu mikið myrkur er í herbergi fyrr en ljós er kveikt. Það er eins með þokuna. Við áttum okkur ekki á því hversu skyggnið er lítið fyrr en þokuna fer að létta og við sjáum betur hvað framundan er. Þetta minnti mig á það hversu samdauna við getum orðið allskonar ástandi. Við erum fljót að aðlagast og það á ekki bara við um aðstæður sem eru góðar heldur líka aðstæður sem eru slæmar.

Við getum orðið samdauna meðvirkni, fíkn, áföllum, brestum og erfiðleikum í lífi okkar. Þegar við svo förum að takast á við þessa hluti, eina stund í einu, einn dag í einu þá létir þokunni smám saman og við förum að sjá skýrar. Við sjáum nefnilega allt betur og skýrar þegar þokunni létir og sólin fær að skína.

Þegar ég og þú fæddumst vorum við saklaus og hrein. Ég sé það fyrir mér að við höfum verið eins og lítið falllegt blóm í blómabeði sem var algjörlega illgresislaust. Til að byrja með döfnuðum við vel og allt leit vel út en svo var öðrum fræjum sáð í blómabeðið. Þessi fræ gáfu af sér illgresi. Þegar dagarnir liðu komu bæði stormar lífsins og þurrkatíð. Jarðvegurinn byrjaði að skorpna og veðurferðin í kringum okkur hafði mikil áhrif á tilfinningar okkar, vilja og hugarfar.

Ég byrjaði að takast á við illgresið í mínum garði fyrir rúmum 15 árum síðan. Ég áttaði mig á því að ég varð

**Gunna Stella**



sjálf að takast á við illgresið í mínum garði. Ég gat fengið hjálp frá öðrum en ég varð að vilja það. Ef ég ætlaði að reyna skyndilausnir byrjaði arfinn að vaxa aftur. Ég varð að kafa djúpt. Ég varð að takast á við ræturnar.

Illgresið hafði allskyns heiti í mínu lífi. Þeirra stærst var óttinn, en ýmislegt annað var þar líka s.s. eigingirni, gremja, stjórnsemi og sjálfsvorkunn. Alla ævi hafði ég tekið eftir illgresinu í blómabeði fólksins í kringum mig og reyndi eins og ég gat að reita það. En það var ekki mitt. Það var þeirra að takast á við þegar þau voru tilbúin.

Eftir því sem dagarnir og vikurnar liðu fór illgresið að minnka og blómið fékk að vaxa. Þokan fór að víkja. Ég fór að sjá til sólar. Suma daga kemur þoka en hún varir mun styttra en áður. Ég er ekki samdauna henni eins og áður. Ég hef lært að þekkja sjálfa mig betur með hverju ári sem líður. Ég þekki marga veikleika mína en ég þekki líka styrkleika. Þeir hafi komið betur í ljós eftir því sem illgresið hefur minnkað. Ég er langt frá því að vera fullkomin og mun ég aldrei verða það. Ég er fullkomlega ófullkominn sem er frábært. Ég get bara tekið ábyrgð á minni upplifun og mínum tilfinningum. Ekki upplifunum og tilfinningum annarra eins og ég gerði árum saman.

Byrjaðu að reita illgresið í þínum garði. Það er einfaldara líf.

*Kærleikskveðja,*

*Gunna Stella*

*Hlaðvarp: Einfaldara líf*

*Samfélagsmiðlar:*

*Gunna Stella*



**Sveitarfélagið  
ÁRBORG**

## Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg

**Samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar eftirfarandi lýsingar deiliskipulagsáætlana:**

### 1. Austurbyggð II - Lýsing deiliskipulags

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum þann 17. febrúar 2021 að kynna lýsingu deiliskipulags fyrir Austurbyggð II. Fyrirhugað deiliskipulag tekur til reits N13 fyrir íbúðabyggð í gildandi aðalskipulagi Árborgar 2010-2030. Svæðið er sunnan hesthúsahverfis og austan við Austurhóla sem liggur frá Langholti að Suðurhólum. Skipulagssvæðið er um 20 ha að stærð. Með deiliskipulaginu er verið að skapa svæði til frekari uppbyggingar íbúða í Árborg og svara þannig vaxandi eftirspurn eftir íbúðarlóðum innan sveitarfélagsins.

### 2. Eyravegur 26-30, Selfossi - Lýsing deiliskipulags

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum þann 20. janúar 2021 að kynna lýsingu deiliskipulags fyrir Eyraveg 26-30. Fyrirhugað deiliskipulag tekur til lóðanna Eyravegur 26-30 sem skv. gildandi aðalskipulagi Árborgar 2010-2030 geta verið hvort heldur sem athafna- verslunar og þjónustu- stofnana- eða íbúðasvæði. Með deiliskipulaginu er verið að þetta þá íbúðabyggð sem fyrir er í miðbæ Selfoss og um leið nýta óbyggðar lóðir til hagsbóta fyrir íbúa og sveitarfélag.

**Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:**

### 3. Móavegur 4, Selfossi - Deiliskipulag

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum þann 30. nóvember 2020 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir Móaveg 4. Deiliskipulagstillagan tekur til byggingar kirkju og tengdra mannvirkja á lóðunum Móavegur 4 og 4a á Selfossi. Hámarks byggingarmagn á lóðunum verður samtals 1500 m<sup>2</sup> og mesta mænishæð 12,6 m.

### 4. Miðbær Selfoss - Deiliskipulagsbreyting

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum þann 17. febrúar 2021 að auglýsa tillögu að deiliskipulagsbreytingu fyrir Miðbæinn á Selfossi. Deiliskipulagsbreytingin tekur til gildandi deiliskipulags fyrir Miðbæ Selfoss. Helstu breytingar eru að nokkrar götur fá ný heiti, c-gata fellur út af skipulagi og lóðamörkum og húsnúmerum er víða breytt. Bílastæðahús aftan við Eyraveg 3-7 er stækkað og inn- og útkeyrsla er frá Kirkjuvegi. Heimilt er að hafa bílastæðahús hálfniðurgrafið. Einstefnu er breytt á Miðstræti og verður frá austri til vesturs. Bílakjallari á Miðstræti 6 er stækkaður undir allan byggingarreittinn.

### 5. Nýbær - Deiliskipulagsbreyting

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum þann 19. júní 2019 að auglýsa tillögu að deiliskipulagsbreytingu fyrir Nýjabæ. Deiliskipulagsbreytingin tekur til gildandi deiliskipulags fyrir hluta jarðarinnar Nýjabæ. Breytingin felst í að lóðum undir íbúðarhúsnæði er fjölgað um 5 og verða því samtals 9. Skilmálum gildandi skipulags er lítillega breytt og samræmt.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillögurnar á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni [www.arborg.is](http://www.arborg.is).

Deiliskipulagslýsingar, mál 1-2 eru í kynningu frá 24.02.2021 til og með 17.03.2021 og skulu athugasemdir og ábendingar berast eigi síðar en 17.03.2021.

Deiliskipulagstillögur, mál 3-5 eru auglýstar með athugasemdafresti frá 24.02.2021 til og með 07.04.2021. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar, og er frestur til að skila inn athugasemdum til 07.04.2021.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, 800 Selfossi, eða netfangið [skipulag@arborg.is](mailto:skipulag@arborg.is).

*Anton Kári Halldórsson,*  
*skipulagsfulltrúi.*


**82%**

Sunnlendinga  
lesa Dagskrána  
í hverri viku

Fáðu tilboð í auglýsingar í  
s. 482 1944 eða á [dfs@dfs.is](mailto:dfs@dfs.is).



## Pípuorgelið í Eyrarbyggakirkju hreinsað og stillt



Björgvin og Margrét eru samstíga við verkefnið. Búið er að fjarlægja pípuarnar að hluta til úr orgelinu og þrifa þær jafn óðum. Þær eru nú tilbúnar til ísetningar að nýju. Myndir: -gpp

Það er ekki á hverjum degi sem pípuorgel eru tekin sundur og hreinsað, en í Eyrarbyggakirkju var ráðist í að hreinsa orgelið upp enda kominn tími á það. Pípuorgelið á Eyrarbyggakka var sett upp í kirkjunni árið 1995. Það var orgelsmiðurinn Björgvin Tómasson á Stokkseyri sem smíðaði orgelið en orgelið er það 13. í röðinni úr smíðju Björgvins. Nú er hann kominn að nýju ásamt konu sinni Margréti Erlingsdóttur til þess að hreinsa orgelið upp. „Þetta rykfellur eins og annað. Það þarf að hreinsa orgelin upp á 18 til 20 ára fresti. Það er ekki gott þegar rykið safnast upp í orgelunum því þá verður tónninn hreinlega loðinn og rykugur,“ segir Björgvin og brosir. Björgvin og frú eru búin að taka orgelið sundur og setja pípuarnar til hliðar meðan unnið er að því að hreinsa hvern krók og kima. Þá eru pípuarnar stroknar og ryk losað úr þeim. Það er augljóst á umstanginu við hreinsunina að það þarf sérfræðipækkingu til að standa að henni.

### Tekur drjúgan tíma að hreinsa pípuorgel

„Þetta tekur drjúgan tíma og það má ekkert vera að flýta sér við þetta,“ segir Björgvin. Þau fara ofan í hverja pípu fyrir sig með sérstökum burstum

og þá er strokið af hverjum fleti þar sem ryk hefur safnast saman. Það er á þeim að heyra að svona verkefni séu gjarnan talin í vikum fremur en dögum. Aðspurð um muninn á orgelum fyrir og eftir hreinsun segja þau bæði: „Það er oft heilmikill munur. Orgelið getur verið mikil rykgeymsla og haft áhrif á loftgæði í húsinu. Þegar búið er að hreinsa það finnur fólk oft mikinn mun á því. Þá er nú ekki talað um hljómgæðin. Tónninn verður hreinni og tærari og á stundum finnst fólk hljóðfærið vera sem nýtt og kórinn tekur heljarstökk af ánægju.“

### Ekki bara pípuarnar sem sjást að framanverðu

Það er ansi merkilegt að sjá orgelið sundur tekið og átta sig á því hve flókið hljóðfærið er. Í orgelinu eru hvorki fleiri né færri en 756 pípur. Það hefur 13 raddir, tvö hljómborð og pedal. Í gegnum allt þetta fara Björgvin og Margrét af nákvæmni. Hluti af pípunum eru búnar til úr blöndu af blýi og tinni. Þá eru aðrar pípur úr viði. Björgvin kveikir á orgelinu og leyfir okkur að heyra dýpsta tóninn sem fyllir kirkjuna, dimmur og dökkur. Bjartasti tónninn minnir á skæra flautu, en pípan sem framleiðir hann er örgrönn og smágerð. Við samsetninguna er svo hljóðfærið stillt svo það hljómi sem best. -gpp

**VANTAR ÞIG IÐNAÐARMENN**

**FAGVERK**  
EIGNAUMSJÓN

TRÉSMÍÐAR • PÍPULAGNIR  
RAFVIRKJUN • MÚRVERK  
MÁLUN • SÓLPALLAR  
HELLULAGNIR • VÉLALEIGA

Sími 561 8080 • fverk@fverk.is

Bílasprautun - Bílaréttingar  
Bílrúðuskipti

**Bilverk BA**

- þar sem fagmennirnir vinna  
★★★★★ Vottað verkstæði  
Gagnheiði 3 - Selfossi  
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

**Tækniþjónusta Suðurlands ehf.**  
Selfossi

Sjónvarpskerfi fyrir hótél og gistihús  
Öryggiskerfi  
Efirlitsmyndavélakerfi  
Hljóðkerfi  
Símkarfi o.fl.

Sérhæfing - Þekking - Reynsla  
Gunnar Guðmundsson sími 694 4922  
Vilmundur Sigurðsson sími 779 6777

**FROST**

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI  
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA  
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

**expert kæling**

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum  
Ísskápa viðgerðir - Almennar raflagnir

**HAGBÖK**

Sérfræðingar í þína þágu

Starfsfólk Hagbókar býður upp á alhliða þjónustu er kemur að verkefnum á sviði reksturs, fjármála og bókahlds.

Hagbók ehf. bókhaldsstofa  
Eyravegi 37, 800 Selfoss  
www.hagbok.is s. 480 3340

**D-H BÓKHALD**

- ✓ Bókhaldsþjónusta
- ✓ Skattskil
- ✓ Stofnun fyrirtækja
- ✓ Framtöl og ársreikningar
- ✓ Fyrirtækjaráðgjöf

Dagbjört Hannesdóttir  
MACC / viðskiptafræði  
dhbokhald@gmail.com  
s. 6933708

**Rétting og málun**

Vottað réttingaverkstæði  
Cabas tjonaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi  
Sími 480 8020

**FYLGD**  
Útfararþjónusta

Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson

Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

**NÝTT**

Vinnuvélanámskeið á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is

BRACN AF VINÁTTU!

**BYKO** Selfossi

**VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf**  
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala  
Rennismiði  
Innréttingar  
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi  
Sími 482 1980

Hjólbarðapjónusta  
Magnúsar

Gagnheiði 25 - Sími 482 2151

**HM**

Hjólbarðar  
Betri vörur - betra verð

**Juubbii**  
Siggafærðir

- Flutningaþjónusta -

Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.  
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.

Reykjavík - Selfoss  
Hella - Hvolsvöllur

Sími 772 6010

**DFS.is**  
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Sími 482 1944 - dfs@dfs.is

**Lagnaþjónustan ehf**

Pípulagnir - Efnissala  
482 2311 696 2311  
Skrifstofa Þjónustusími